

ÁRSSKÝRSLA HÆSTARÉTTAR

2025

HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 2025

Umbrot: KRÍA hönnunarstofa

Ljósmyndir: Guðrún Hrönn Jónsdóttir og Saga Sigurðardóttir

HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS

Dómhúsinu við Arnarhól

101 Reykjavík

Sími: 510 3030

haestirettur@haestirettur.is

EFNISYFIRLIT

Ávarp forseta	4
Dómarar	6
Aðrir starfsmenn	9
Varadómarar	10
Andlát fyrrverandi hæstaréttardómara	11
Tilnefningar og skipanir	13
Málskotsbeiðnir – áfrýjunar- eða kæruleyfi	15
Áfrýjuð og kærð mál	16
Áfrýjun héraðsdóms beint til Hæstaréttar	30
Norrænt samstarf	32
Samskipti við alþjóðadómstóla og Hæstarétt Póllands	34
Samskipti við Bandaríkin	36
Önnur alþjóðleg samskipti	38
Hæstiréttur heimsækir Bessastaði	40
Heimsókn Hæstaréttar til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu	41
Hæstiréttur á Instagram	42
Kynning á starfsemi Hæstaréttar	43
Bókasafn Hæstaréttar	49
Sögubrot	53
Málflutningsæfing..... og málflutningskeppni laganema	54
Birting dómareifana á ensku	55
Tölfræði	57

ÁVARP FORSETA

Réttarríkið krefst þess að dómstólar séu sjálfstæðir. Í því felst ekki aðeins að þeir séu það í raun heldur verður allt ytra yfirbragð þeirra að endurspegla sjálfstæðið. Ef ástæða er til að draga það í efa munu dómstólar glata trausti en það er þeim nauðsynlegt til að þeir geti gegnt hlutverki sínu. Með þetta í huga er mikilvægt að dómstólar standi vörð um sjálfstæði sitt og aðrir handhafar ríkisvalds taki tillit til þess. Jafnframt er ástæða til að þetta sé haft í huga í opinberri umræðu um dómsvaldið. Í því felst vitanlega ekki að dómstólar eigi að vera undanþegnir málefnalegri gagnrýni sem er af hinu góða. Á hinn bóginn er skaðleg umræða sem miðar að því einu að grafa undan dómsvaldinu.

Hér á landi er einhugur um sjálfstæði dómsvaldsins og að taka verði tillit til þess. Ávallt má þó gera betur og skal hér nefnt eitt miður heppilegt tilvik frá liðnu ári. Í upphafi þess skipaði ríkisstjórnin svokallaðan hagræðingarhóp til að fara yfir tillögur almennings um sparnað í ríkisrekstri. Ein af tillögum hópsins var að dómurum Hæstaréttar yrði fækkað úr sjö í fimm. Með gildandi lögum um dómstóla nr. 50/2016 var fjöldi dómara við réttinn ákveðinn að vandlega athuguðu máli. Einnig blasir við að kalla þyrfti í miklum mæli til varadómara til setu í dómi ef dómurum yrði fækkað. Það liggur í hlutarins eðli að æðsti dómstóll þjóðar getur ekki búið við slíkt. Því var miður að fyrrgreindur starfshópur skyldi umhugsunarlaust miðla svo haldlausri tillögu sem jafnframt gaf ranglega til kynna að dómara við réttinn sætu auðum höndum. Aftur á móti ber að fagna því að dómsmálaráðherra hafnaði tillögunni umsvifalaust eftir að viðbrögð réttarins komu fram á opinberum vettvangi.

Á árinu 2025 gekk 51 dómur og málskotsbeiðnir voru alls 186. Þetta er í samræmi við mála fjölda liðinna ára og það sem gert var ráð fyrir þegar Hæstiréttur varð þriðja dómstigið árið 2018. Meiri tíðindi eru að á liðnu ári voru flutt þrjú mál þar sem rétturinn var skipaður sjö dómurum en hann dæmir ekki fullskipaður nema í mjög mikilvægum málum. Í öllum þessum málum var um að ræða áfrýjun á héraðsdómi beint til Hæstaréttar. Með því að málunum var ekki áfrýjað til Landsréttar fékkst endanleg niðurstaða Hæstaréttar skjótt í mjög mikilvægum málum sem brýnt var að leyst yrði úr. Heimild til að áfrýja héraðsdómi beint til Hæstaréttar þegar aðeins er um að ræða ágreining um efni réttarreglna hefur reynst vel en hún var rýmkuð með lögum nr. 134/2022. Í kjölfarið hefur beinum áfrýjunum til réttarins fjölgað eins og rakið er í sérstökum kafla í þessari skýrslu.

Á árinu opnaði Hæstiréttur síðu á samfélagsmiðlinum Instagram. Tilgangurinn er að miðla betur upplýsingum um réttinn og starfsemi hans. Eins og vænta má mun Hæstiréttur ekki hasla sér völl á þessum vettvangi með áberandi hætti heldur takmarka sig við faglega upplýsingamiðlun. Ánægjulegt er að réttinum var mjög vel tekið þegar síðan var opnuð 1. desember en það bendir ótvírætt til að almennur áhugi sé á starfsemi réttarins.

Reykjavík, 9. janúar 2026
Benedikt Bogason



DÓMARAR

Samkvæmt lögum nr. 50/2016 um dómstóla eiga sjö dómarar sæti í Hæstarétti. Eftirtaldir voru dómarar réttarins á árinu 2025:

Ása Ólafsdóttir

fædd 1970, skipuð hæstaréttardómari frá 23. nóvember 2020. Við skipun var hún prófessor við lagadeild Háskóla Íslands og deildarforseti.

Benedikt Bogason

fæddur 1965, skipaður hæstaréttardómari frá 1. október 2012. Við skipun var hann dómstjóri Héraðsdóms Vesturlands. Hann var varaforseti Hæstaréttar frá 27. maí til 31. ágúst 2020 og hefur verið forseti réttarins frá 1. september 2020.

Björg Thorarensen

fædd 1966, skipuð hæstaréttardómari frá 23. nóvember 2020. Við skipun var hún prófessor við lagadeild Háskóla Íslands.

Karl Axelsson

fæddur 1962, skipaður hæstaréttardómari frá 12. október 2015. Við skipun var hann starfandi hæstaréttarlögmaður.

Ólafur Börkur Þorvaldsson

fæddur 1961, skipaður hæstaréttardómari frá 1. september 2003. Við skipun var hann dómstjóri Héraðsdóms Suðurlands.

Sigurður Tómas Magnússon

fæddur 1960, skipaður hæstaréttardómari frá 18. maí 2020. Við skipun var hann dómari við Landsrétt. Sigurður Tómas hefur verið varaforseti réttarins frá 1. ágúst 2024.

Skúli Magnússon

fæddur 1969, skipaður hæstaréttardómari frá 1. október 2024. Við skipun var hann umboðsmaður Alþingis.

Forseti og varaforseti

Á árinu var Benedikt Bogason forseti réttarins og Sigurður Tómas Magnússon varaforseti. Forseti fer með yfirstjórn Hæstaréttar og ber ábyrgð á rekstri réttarins og fjárreiðum. Hann stýrir meðal annars þeirri starfsemi sem ekki er hluti af meðferð mála fyrir dómi og skiptir verkum milli dómara og annarra starfsmanna.

Dómarar í Hæstarétti

Efri röð: Karl Axelsson, Ása Ólafsdóttir, Björg Thorarensen og Skúli Magnússon

Neðri röð: Sigurður Tómas Magnússon, Benedikt Bogason og Ólafur Börkur Þorvaldsson





Starfsfólk réttarins

AÐRIR STARFSMENN

Forseti Hæstaréttar skipar dómstólnum skrifstofustjóra til fimm ára í senn samkvæmt ákvörðun dómenda. Skrifstofustjóri stýrir daglegum rekstri dómstólsins eftir nánari ákvörðun forseta og í umboði hans, auk þess að gegna öðrum störfum sem forseti kann að mæla fyrir um. Skrifstofustjóri réttarins er Ólöf Finnsdóttir. Forseti ræður til réttarins lögfræðimenntaða aðstoðarmenn og aðra starfsmenn og ákveður verkswið þeirra og stöðu. Á árinu störfuðu sex aðrir starfsmenn hjá Hæstarétti í jafnmörgum ársverkum.

Guðmundur Snæbjörnsson
aðstoðarmaður hæstaréttardómara

Ólöf Finnsdóttir
skrifstofustjóri

Guðrún Eydís Ketilsdóttir
skrifstofuumsjón frá 1. nóvember 2025

Sonja Hafdís Pálsdóttir
lögfræðingur

Herdís Traustadóttir
skrifstofuumsjón til 1. október 2025

Að auki aðstoðaði **Guðmundur Ingi Guðmundsson**, bókasafns- og upplýsingafræðingur, við bókasafn réttarins og **Jóhannes B. Sigtryggsson**, doktor í íslenskri málfræði, sá um yfirllestur á dómum.

Ivana Anna Nikolic
aðstoðarmaður hæstaréttardómara frá 20. október 2025

Jenný Harðardóttir
aðstoðarmaður hæstaréttardómara

Linda Ramdani
aðstoðarmaður hæstaréttardómara til 1. nóvember 2025

VARADÓMARAR

Ráðherra getur að tillögu forseta Hæstaréttar sett varadómara til að taka sæti í tilteknu máli valdi vanhæfi dómara eða forföll því að færri en fimm eða eftir atvikum sjö dómara geti skipað dóm í máli. Á árinu voru eftirtaldir varadómara kallaðir til starfa við réttinn:

Árni Kolbeinsson

fyrirverandi hæstaréttardómari

Eiríkur Jónsson

landsréttardómari

Eiríkur Tómasson

fyrirverandi hæstaréttardómari

Helgi Ingólfur Jónsson

fyrirverandi hæstaréttardómari

Ingveldur Einarsdóttir

fyrirverandi hæstaréttardómari

Viðar Már Matthíasson

fyrirverandi hæstaréttardómari

Þorgeir Örlygsson

fyrirverandi hæstaréttardómari



ANDLÁT FYRRVERANDI HÆSTARÉTTARDÓMARA

Á árinu 2025 létust fjórir fyrrverandi dómara við Hæstarétt. Allir störfuðu þeir um langa hríð við réttinn og lögðu mikið til starfseminnar, hver á sína vísu.

Haraldur Henrysson

Haraldur andaðist 4. apríl en hann fæddist 17. febrúar 1938. Hann var stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1958 og lauk embættisprófi við lagadeild Háskóla Íslands 1964. Hann hóf starfsferil sinn hjá bæjarfógetanum í Keflavík 1964 og síðar á því ári starfaði hann hjá bæjarfógetanum í Kópavogi þar sem hann vann til ársins 1973. Það ár var hann skipaður sakadómari við Sakadóm Reykjavíkur þar sem hann starfaði til ársins 1988 þegar hann var settur hæstaréttardómari. Haraldur hlaut síðan skipun í það embætti frá 1. janúar 1989. Hann lét af embætti árið 2003. Hann var varaforseti Hæstaréttar árin 1994 og 1995 en forseti 1996 og 1997.

Haraldur var formaður rannsóknarnefndar sjóslysa frá 1973 til 1983 og í stjórn Dómarafélags Íslands 1987 til 1990. Haraldur var mjög virkur á vettvangi slysavarna og var forseti Slysavarnafélags Íslands frá 1982 til 1990. Haraldur tók sæti á Alþingi sem varaþingmaður árið 1968 og aftur 1971.

Hrafn Bragason

Hrafn andaðist 27. apríl en hann fæddist 17. júní 1938. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1958 og embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands 1965. Hrafn var fulltrúi hjá yfirborgardómaranum í Reykjavík frá 1965 til 1972 og síðan borgardómari til 1987 þegar hann var skipaður hæstaréttardómari. Hann lét af embætti árið 2007. Hrafn var varaforseti Hæstaréttar á árinu 1993 og forseti á árunum 1994 og 1995.

Hrafn átti sæti í stjórn Lögfræðingafélags Íslands frá 1969 til 1973 og í stjórn Dómarafélags Íslands 1977 til 1981 og aftur 1992. Þá var hann formaður réttarfarsnefndar frá 1988 til 1994. Hrafn stýrði úttektarnefnd um starfsemi lífeyrissjóða í aðdraganda efnahagshrunsins haustið 2008.

Gunnlaugur Claessen

Gunnlaugur lést 1. maí en hann fæddist 18. ágúst 1946. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1966 og embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands 1972. Hann hóf starfsferil sinn í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu en starfaði síðan í fjármálaráðuneytinu þar til hann varð ríkislögmaður 1974. Því embætti gegndi hann til ársins 1994 þegar hann var skipaður hæstaréttardómari. Hann lét af embætti árið 2013. Gunnlaugur var varaforseti réttarins á árunum 2004 og 2005 og forseti 2006 og 2007.

Gunnlaugur var formaður Lögfræðingafélags Íslands 1992 til 1994 og formaður yfirmatsnefndar samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði frá 1995 til 2006. Þá var hann formaður nefndar um dómarastörf 1998 til 2010.

Hjörtur Torfason

Hjörtur lést 12. maí en hann fæddist 19. september 1935. Hann var stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1954 og lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands 1960. Hjörtur starfaði við lögmennsku allt til 1990 þegar hann var skipaður hæstaréttardómari. Áður hafði hann verið settur hæstaréttardómari um skamma hríð á árinu 1988. Hjörtur lét af embætti 2001.

Hjörtur átti sæti í stjórn Lögmannafélags Íslands frá 1971 til 1973 auk þess sem hann átti sæti í stjórnnum fjölda fyrirtækja. Hann var löggiltur skjalapýðandi í ensku.



TILNEFNINGAR OG SKIPANIR

Á hverju ári tilnefnir eða skipar Hæstiréttur Íslands í stjórnir, ráð og nefndir á grundvelli laga. Eftirfarandi tilnefningar og skipanir voru á árinu 2025:

Janúar 2025

Kærunefnd jafnréttismála:

Anna Mjöll Karlsdóttir lögfræðingur var tilnefnd sem nefndarmaður ad hoc við meðferð eins máls.

Úrskurðarnefnd

náttúruhamfaratrygginga:

Helgi Birgisson lögmaður var tilnefndur sem aðalmaður og Valgerður Sólnes prófessor sem varamaður.

Febrúar 2025

Félagsdómur:

Halldóra Þorsteinsdóttir héraðsdómari var tilnefnd varamaður ad hoc við meðferð eins máls.

Apríl 2025

Kærunefnd jafnréttismála:

Anna Mjöll Karlsdóttir lögfræðingur var tilnefnd sem nefndarmaður ad hoc við meðferð eins máls.

Yfirfasteignamatsnefnd:

Arnar Kormákur Friðriksson lögmaður, Axel Hall, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, Áslaug Árnadóttir lögmaður, Björn Jóhannesson lögmaður, Guðríður Friðriksdóttir verkfræðingur, Gústaf Vífilsson verkfræðingur, Gylfi Zoëga, prófessor við hagfræðideild Háskóla Íslands, Runólfur Gunnlaugsson, viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali, Sigurður Jóhannesson forstöðumaður Hagfræðistofnunar og Valgerður Sólnes, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, voru tilnefnd 11. apríl 2025 til setu í yfirfasteignamatsnefnd.

Maí 2025

Kærunefnd útboðsmála:

Reimar Pétursson lögmaður var tilnefndur sem formaður og Kristín Haraldsdóttir framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar var tilnefnd sem aðalmaður. Sem varamenn voru tilnefnd lögmennirnir Sigurður Snædal Júlíusson og Dóra Sif Tynes. Þá var tilnefnd í nefndina sem aðalmaður Auður Finnbogadóttir viðskiptafræðingur og sem varamaður Hersir Sigurgeirsson, prófessor við viðskiptadeild Háskóla Íslands.

Júní 2025

Dómstólasýslan:

Sigurður Tómas Magnússon hæstaréttardómari var kosinn sem aðalmaður og formaður stjórnar og Björg Thorarensen hæstaréttardómari sem varamaður í stjórn dómstólasýslunnar.

Júlí 2025

Kærunefnd húsamála:

Auður Björg Jónsdóttir lögmaður, Þorvaldur Hauksson lögmaður og Eyþór Rafn Þórhallsson verkfræðingur voru tilnefnd sem aðalmenn og Sigurlaug Helga Pétursdóttir lögmaður, Snædís Björt Agnarsdóttir lögmaður og Aldís Ingimarsdóttir verkfræðingur sem varamenn. Auður Björg Jónsdóttir var tilnefnd sem formaður nefndarinnar og Sigurlaug Helga Pétursdóttir sem varaformaður.

Ágúst 2025

Áfrýjunarnefnd samkeppismála:

Björn Jóhannesson lögmaður var tilnefndur sem formaður, Friðrik Árni Friðriksson Hirst, framkvæmdastjóri Lagastofnunar Háskóla Íslands, og Katrín Ólafsdóttir hagfræðingur voru tilnefnd sem aðalmenn. Lárus L. Blöndal lögmaður var tilnefndur sem varaformaður og Hildur Ýrr Viðarsdóttir lögmaður og Kristín Þ. Flygering hagfræðingur sem varamenn.

Október 2025

Úthlutunarnefnd stuðnings til einkarekinna fjölmiðla:

Anna Mjöll Karlsdóttir lögfræðingur var tilnefnd sem aðalmaður og Víðir Smári Petersen prófessor sem varamaður.

Desember 2025

Úrskurðarnefnd lögmanna:

Valborg Þ. Snævarr lögmaður var skipuð sem nefndarmaður og Grímur Sigurðsson lögmaður sem varamaður hennar frá og með 1. janúar 2026 til og með 31. desember 2028.

Úrskurðarnefnd kosningamála:

Berglind Svavarsdóttir lögmaður var tilnefnd sem formaður og Viðar Lúðvíksson lögmaður sem varamaður hennar.

Kærunefnd jafnréttismála:

Andri Árnason lögmaður var endurtilnefndur sem varaformaður og Anna Tryggvadóttir skrifstofustjóri var endurtilnefnd sem varamaður hans.

MÁLSKOTSBEIÐNIR – ÁFRÝJUNAR- EÐA KÆRULEYFI

Á árinu 2025 bárust Hæstarétti samtals 186 beiðnir um áfrýjunar- eða kæruleyfi samanborið við 184 árið þar áður. Málskotsbeiðnir geta varðað áfrýjun einkamáls, sakamáls eða kæruleyfi. Þrír dómara skulu að jafnaði taka ákvörðun um áfrýjunarleyfi og hvort kæra verður tekin til meðferðar. Þegar ákvörðun

liggur fyrir er hún kynnt aðilum máls og loks birt á vef réttarins. Alls voru afgreiddar 194 beiðnir á árinu og voru 24 beiðnir óafgreiddar í árslok. Nánari upplýsingar um fjölda málskotsbeiðna og skiptingu þeirra er að finna í tölfræðikafla ársskýrslu.



ÁFRÝJUÐ OG KÆRÐ MÁL

Þegar umsókn um áfrýjunarleyfi er samþykkt í einkamáli gefur Hæstiréttur út áfrýjunarstefnu í nafni dómsins. Venjulega taka fimm dómarmar við Hæstarétt þátt í meðferð máls en í sérlega mikilvægum málum getur forseti réttarins þó ákveðið að sjö dómarmar skipi dóm. Á árinu dæmði Hæstiréttur í 51 máli, þar af voru 37 áfrýjuð einka- og sakamál og 14 kærð einka- og sakamál. Nánari upplýsingar um fjölda dæmdra mála, skiptingu þeirra og málsúrslit er að finna í tölfræðikafla hér síðar í skýrslunni.



Reifanir helstu dóma

EINKAMÁL

Hrd. 19. febrúar 2025 í máli nr. 28/2024:
A gegn B

Málið laut að kröfu A um ómerkingu á ummælum B sem hún viðhafði í skilaboðum til unnustu A á samskiptamiðlinum Instagram og í nafnlausri færslu á Facebook-síðu tiltekins hóps. A krafðist jafnframt greiðslu miskabóta og að B yrði gerð refsing. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að A hefði ekki tekist að sanna að B hefði birt umrædda færslu á Facebook. Var því staðfest niðurstaða hins áfrýjaða dóms um sýknu B vegna ummæla í henni. Óumdeilt var að B hafði sent unnustu A skilaboð á samskiptamiðlinum Instagram en þar kom meðal annars fram staðhæfing um að A hefði nauðgað barni og látið að því liggja að hann væri haldinn barnagirnd. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að ummælin hefðu falið í sér aðdróttanir í skilningi hegningarlaga og að með þeim hefði verið vegið að persónu og æru A sem nyti verndar ákvæðis stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs. Ummælin voru talin óviðurkvæmleg í skilningi hegningarlaga og þau því ómerkt. Þá hindraði það ekki ómerkingu að ummælin hefðu verið viðhöfð í skilaboðum á samskiptamiðlinum Instagram, enda teldist ærumeiðingarbrot fullframið þegar það væri komið til vitundar annars manns. Hins vegar taldist A ekki hafa sýnt nægilega fram á að B bæri að greiða sér miskabætur þar sem ummælin höfðu birst í lokuðum skilaboðum milli tveggja einstaklinga og lægi ekkert fyrir um að þeim hefði verið

dreift víðar. B var því sýknuð af öðrum kröfum A en um ómerkingu ummæla sem birtust í skilaboðum á Instagram.

Hrd. 26. febrúar 2025 í máli nr. 25/2024:
Samkeppniseftirlitið og íslenska ríkið
gegn Símanum hf.

Aðilar deildu um hvort Síminn hf. hefði brotið gegn tveimur sáttum sem félagið gerði við Samkeppniseftirlitið með því að gera Enska boltann á sjónvarpsrásinni Síminn Sport aðgengilegan fyrir áskrifendur sína að Heimilispakkanum með tilteknum kjörum. Hæstiréttur féllst á með Samkeppniseftirlitinu að aðgerðir Símans hf. hefðu brotið gegn skilyrðum í sátt frá 15. apríl 2015 sem takmarkaði heimild til að tvinna saman fjarskiptaþjónustu og kaup viðskiptavina á línulegu áskriftarsjónvarpi. Þetta var reist á því að áskrifendur Heimilispakkans hefðu ekki átt þess kost að hafna aðgangi að sjónvarpsstöðinni Síminn Sport og halda öðrum þjónustupáttum, bæði fjarskiptaþjónustu og annarri sjónvarpsþjónustu, nema með því að segja upp áskriftinni. Hefðu kaup þeirra á stökum þjónustupáttum stefnda óhjákvæmilega haft umtalsverða hækkun á verði í för með sér. Þessi viðskiptakjör Símans hf. hefðu falið í sér að viðskiptavinir hans á einu sviði keyptu eða fengju þjónustu hans á öðru sviði gegn verði sem jafna mætti til skilyrðis um að kaupa þjónustuna saman. Símanum hf. var gert að greiða 400 m.kr. króna sekt vegna brotsins. Hins vegar vísaði Hæstiréttur ætluðum brotum Símans hf. á sátt frá 15. janúar 2015 til nýrrar meðferðar og ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins.

Hrd. 5. mars 2025 í máli nr. 41/2024:
A gegn Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

A varð fyrir líkamstjóni eftir að hann féll af reiðhjóli þegar hann mætti bifreið sem var ábyrgðartryggð hjá S hf. Deilt var um hvort tjónið hefði hlotist af notkun bifreiðarinnar þannig að það væri bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu hennar. Hæstiréttur féllst ekki á að aðstæður hefðu verið með þeim hætti að A hefði verið að afstýra árekstri eða annarri yfirvofandi hættu af völdum bifreiðarinnar með þeim afleiðingum að hann féll af hjólinu. Taldist fallið því ekki sennileg afleiðing af hættueiginleikum bifreiðarinnar eða notkunar hennar sem ökutækis í skilningi laga um ökutækjatrýggingar. Á hinn bóginn lagði Hæstiréttur til grundvallar að líkamstjón A hefði komið til þegar hann rann eftir veginum og lenti á bifreiðinni sem var á hreyfingu. Af þessum ástæðum var litið svo á að tjón hans hefði hlotist af hættueiginleikum bifreiðarinnar og þar með notkun ökutækis. Bótaskylda S hf. gagnvart A var því viðurkennd.

Hrd. 26. mars 2025 í máli nr. 34/2024:
Matvælastofnun gegn Bala ehf. og Geysi-Fjárfestingarfélagi ehf. og Bali ehf. og Geysir-Fjárfestingarfélag ehf. gegn Ríkisútvarpinu ohf. og Matvælastofnun og gagnsakir

B ehf. og G ehf. höfðuðu mál á hendur Matvælastofnun og Ríkisútvarpinu og kröfðust viðurkenningar á skaðabótaábyrgð þeirra vegna tjóns sem Brúnegg ehf. töldu sig hafa orðið fyrir vegna undirbúnings, ummæla og umfjöllunar í sjónvarpsþættinum Kastljósi sem sýndur var á sjónvarpsrás Ríkisútvarpsins þar sem fjallað var um aðbúnað og velferð hæna í varphúsum fyrirtækisins og eftirlit Matvælastofnunar. B ehf. og G ehf. höfðu fengið kröfurnar framseldar frá þrotabúi Brúneggja ehf. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu Landsréttar um að sýkna

Matvælastofnun og Ríkisútvarpið af aðalkröfu félaganna um óskipta bótaábyrgð. Varðandi varakröfu á hendur Matvælastofnun vegna afhendingar stofnunarinnar á gögnum til Ríkisútvarpsins taldi Hæstiréttur umfjöllun stofnunarinnar og athugasemdir við starfsemi Brúneggja ehf. vera gögn sem hefðu haft að geyma upplýsingar sem hefðu átt erindi til almennings. Matvælastofnun hefði því verið skyldt að afhenda gögnin á grundvelli upplýsingalaga. Þrátt fyrir að samrýmst hefði góðri stjórnsýsluframkvæmd að óska eftir afstöðu fyrirtækisins áður en gögnin voru afhent taldi Hæstiréttur þó að ekki yrði séð að það hefði nokkru breytt um skyldu til afhendingar þeirra. Var því ekki fallist á að afhending gagnanna hefði verið til þess fallin að valda félaginu tjóni með ólögætum og saknæmum hætti. Þá var ekki talið að afhending gagna á grundvelli upplýsingalaga og samskipti því tengd hefðu jafngilt liðsinni Matvælastofnunar við gerð þáttarins né viðtöl við starfsmenn hennar um starfsemina og fyrirkomulag eftirlits með Brúneggjum ehf. Hæstiréttur féllst því ekki á að Matvælastofnun væri bótaskyld vegna ætlaðs liðsinnis starfsmanna stofnunarinnar við gerð sjónvarpsþáttarins. Loks var ekki fallist á að ummæli starfsmanna Matvælastofnunar í sjónvarpsþættinum hefðu leitt til bótaskyldu stofnunarinnar. Varðandi varakröfu á hendur Ríkisútvarpinu taldi Hæstiréttur ekki hafa verið sýnt fram á að í ummælum fréttamanna hefði verið farið rangt með staðreyndir eða að umfjöllunin hefði verið röng að öðru leyti. Taldi Hæstiréttur fréttamennina því hafa verið í góðri trú um sannleiksgildi ummæla sinna og hafa notið frelsis til að setja þau fram með þeim hætti sem gert var í sjónvarpsþættinum. Matvælastofnun og Ríkisútvarpið ohf. voru því sýknuð af kröfum Bala ehf. og Geysis-Fjárfestingarfélags ehf.

Hrd. 2. apríl 2025 í máli nr. 50/2024: Dánarbú A gegn B, C, D og E

Við opinber skipti á dánarbúi A krafðist búið þess að B, C, D og E, börn A, myndu endurgreiða fyrirframgreiddan arf sem þau höfðu fengið frá foreldrum sínum að því marki sem greiðslan var umfram arfshluta þeirra samkvæmt ákvæðum erfðalaga nr. 8/1962. Laut ágreiningur aðila einkum að því hvort 32. gr. laganna girti fyrir að slíkri kröfu yrði beint að þeim en í ákvæðinu segir að ef erfingi fær meira fé en nemur arfshluta hans verði hann ekki skyldaður til að skila dánarbúinu mismuninum nema hann hafi sérstaklega skuldbundið sig til þess. Hæstiréttur taldi ekki efni til að skýra ákvæðið öðruvísi en samkvæmt skýrum orðum þess. B, C, D og E hefðu ekki gengist undir skuldbindingu um að endurgreiða fyrirframgreiddan arf umfram arfhluta sitt. Var fortakslaust ákvæði 32. gr. erfðalaga því talið standa í vegi fyrir að þau yrðu skylduð til að skila dánarbúi A mismuninum. Kröfu dánarbúsins var því hafnað.

Hrd. 9. apríl 2025 í máli nr. 46/2024: A gegn VÍS tryggingum hf. og Heklu hf.

A höfðaði mál á hendur H hf. og V hf. og krafðist viðurkenningar á óskiptri bótaskyldu þeirra vegna ætlaðs líkamstjóns sem hann hlaut í slysi á göngu um athafnasvæði H hf. þegar slá í sjálfvirku hliði fór niður úr lóðréttri stöðu og lenti á höfði hans í þann mund sem hann gekk í gegnum það. Hæstiréttur tók fram að A bæri sönnunarbyrði fyrir því að slysið hefði orðið vegna saknæmrar og ólögmætrar háttsemi eða athafnaleyfis H hf. og að hann hefði ekki sýnt fram á með matsgerð eða öðrum hætti að hliðið hefði verið ranglega stillt, bilað eða viðhaldi þess verið áfátt. Þá hefði A ekki sýnt fram á að það hefði skapað hættu umfram önnur slík hlið eða að önnur tegund sjálfvirkra hliða hefði hentað betur. Hæstiréttur taldi þó ljóst að öryggisbúnaður hliðsins hefði

ekki komið í veg fyrir að A fengi slána í höfuðið þegar hann gekk í gegnum það og það því ekki verið hættulaust. Hins vegar hefði A ekki sýnt fram á að hættueiginleikar þess hefðu verið meiri en svo að hreina óhappatilviljun hafi þurft til að öryggisbúnaðurinn kæmi ekki í veg fyrir að slys af því tagi sem hann varð fyrir. Loks var það ekki metið H hf. til sakar að hafa ekki komið upp varúðarmerkingum. Taldi Hæstiréttur ekki tilefni til að beita svo ströngu sakarmati í málinu að bótaábyrgð yrði lögð á H hf. og V hf. Hinn áfrýjaði dómur var því staðfestur um að sýkna félögin af kröfum A.

Hrd. 7. maí 2025 í máli nr. 52/2024: Samskip hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Samskip hf. höfðuðu mál á hendur Samkeppniseftirlitinu til ógildingar á úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála þar sem kæru Samskipa hf. var vísað frá áfrýjunarnefndinni. Samskip hf. byggðu kæru sína til nefndarinnar á því að með þeirri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins sem fólst í gerð sáttar stofnunarinnar og Eimskips hf. hefði Eimskip hf. meðal annars skuldbundið sig til þess að hætta viðskiptalegu sambandi við Samskip hf. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu hins áfrýjaða dóms og taldi Samskip hf. ekki njóta aðildar til að kæra umræddan hluta sáttar Samkeppniseftirlitsins og Eimskips hf. til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Hæstiréttur tók fram að sáttir væru eitt af lögbundnum úrræðum samkeppnisyfirvalda við framkvæmd samkeppnislaga og að Samkeppniseftirlitið yrði að geta treyst því að sátt fæli í sér endanlegar lyktir máls gagnvart fyrirtæki og að það gripi til þeirra aðgerða sem það hefði skuldbundið sig til. Hæstiréttur tók fram að sáttin haggði ekki lögbundnum skyldum Eimskip hf. samkvæmt 11. gr. samkeppnislaga um bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu og að Samskipum hf. væru tæk úrræði að lögum teldi félagið Eimskip hf. brjóta gegn bann-ákvæðum samkeppnislaga.

Hrd. 21. maí 2025 í máli nr. 56/2024: Samkeppniseftirlitið, Búsæld ehf. og Kaupfélag Skagfirðinga gegn Innnesi ehf.

Í málinu dæmdu sjö dómara. Ágreiningur málsins laut að gildi ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins 26. júlí 2024 um að hafna beiðni Innnes ehf. um inngríp í háttsemi framleiðendafélaga samkvæmt 5. gr. búvörulaga nr. 99/1993. Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins var reist á því að það væri ekki lengur á valdsviði stofnunarinnar að grípa til íhlutunar gagnvart slíkum félögum þar sem þau féllu undir undanþáguheimildir 71. gr. A búvörulaga eftir breytingar sem Alþingi gerði með lögum nr. 30/2024. Innnes ehf. reisti málaltilbúnað sinn á því að Samkeppniseftirlitið hefði byggt ákvörðun sína á röngum lagagrundvelli þar sem meðferð frumvarps til breytingalaganna hefði ekki fullnægt áskilnaði 44. gr. stjórnarskrárinnar um þrjár umræður og auk þess verið í andstöðu við 65. gr. hennar. Með dómi Hæstaréttar 4. apríl 2025 var Búsæld ehf. og Kaupfélagi Skagfirðinga svf. heimiluð meðalganga í málinu og tóku félögin undir sýknukröfu Samkeppniseftirlitsins. Í niðurstöðu Hæstaréttar kom fram að horfa yrði til þess að matskennt væri hvenær breytingartillaga við frumvarp fæli í sér slíka gerbreytingu að Alþingi væri rétt að fara með hana sem nýtt og sjálfstætt frumvarp samkvæmt 44. gr. stjórnarskrárinnar. Þótt svigrúm Alþingis væri ekki óheft að þessu leyti yrði að ætla þinginu víðtækt svigrúm til mats um þau atriði sem hér skiptu máli. Hæstiréttur vísaði til aðdraganda að setningu breytingalaganna og þess að tekist hefði verið á um eftir hvaða leiðum bæri að ná markmiðum þess frumvarps sem upphaflega hafði verið lagt fram af matvælaráðherra. Væri það ekki á valdsviði dómstóla að endurskoða það pólitíska mat kjörinna fulltrúa á Alþingi sem búið hefði að baki þeirri breytingartillögu við frumvarpið sem komið hefði fram og þingið samþykkt við aðra og þriðju umræðu. Hæstiréttur féllst því ekki á að við setningu

laga nr. 30/2024 hefði verið farið út fyrir það svigrúm sem þingið nyti til breytinga á frumvarpi þannig að brotið hefði verið gegn 44. gr. stjórnarskrárinnar. Þá var ekki talið að Innnes ehf. hefði sýnt fram á að félaginu hefði verið mismunað með ólögmatum hætti með setningu laganna þannig að brotið hefði verið gegn 65. gr. stjórnarskrárinnar. Samkeppniseftirlitið var því sýknað af kröfu Innnes ehf.

Hrd. 21. maí 2025 í máli nr. 53/2024: Linda Kristín Kristmannsdóttir, Geir Porsteinsson, Barði Halldórsson og Hólmfríður Kristjánsdóttir gegn Bjarnfríði Hlöðversdóttur og gagnsök

L o.fl. höfðuðu mál á hendur B og kröfðust þess aðallega að tré á fjögurra metra belti á lóð B, mælt frá lóðarmörkum þeirra, yrðu fjarlægð en önnur tré á lóðinni klippt niður í nánar tilgreinda hæð. L og G annars vegar og B og H hins vegar voru eigendur tveggja parhúsa á lóðum aðliggjandi lóð B og töldu þau sig verða fyrir verulegum óþægindum af völdum trjágróðurs á lóð B. Í dómi Hæstaréttar kom fram að trjágróður á lóð B væri mikill að umfangi og hæð og ljóst væri að hann hamlaði verulega flæði birtu og sólarljóss að lóðum parhúsanna með tilheyrandi skuggavarpi og takmörkun útsýnis frá eignum þeirra. Taldi Hæstiréttur því að eigendur parhúsanna þyrftu ekki, samkvæmt reglum grenndarréttar, að sætta sig við þau óþægindi og röskun sem af trjágróðrinum leiddi að óbreyttu. Hæstiréttur tók fram að það hvernig kröfugerð eigenda parhúsanna hefði þróast undir rekstri málsins setti því óhjákvæmilega skorður hversu langt yrði gengið í því að tryggja hagsmuni þeirra enda hefðu þau unað niðurstöðu héraðsdóms sem hafnaði kröfu þeirra um að fjarlægja allan trjágróður á lóð B í fjögurra metra belti frá lóðarmörkum. Var að því virtu staðfest sú niðurstaða að lækka bæri trjágróður á umræddu fjögurra metra belti í 48,6 metra

hæð yfir sjávarmáli. Varðandi trjágróður utan umrædds fjögurra metra svæðis við lóðarmörk féllst Hæstiréttur á að hann skerti einnig grenndarréttarlega hagsmuni þeirra til nýtingar fasteigna sinna. Hins vegar komst rétturinn að þeirri niðurstöðu að matsgerð sú sem lá fyrir í málinu gæti ekki orðið grundvöllur inngrips í trjágróður B á þeim hluta lóðarinnar vegna annmarka á henni. Vísaði Hæstiréttur því frá héraðsdómi þeim hluta kröfugerðarinnar sem tók til trjágróðurs á lóð B utan fjögurra metra beltis frá lóðarmörkum.

Hrd. 2. júlí 2025 í máli nr. 4/2025: Íslenska ríkið gegn Hugin ehf.

Með dómi Hæstaréttar frá árinu 2018 var viðurkenndur réttur H ehf. til skaðabóta úr hendi íslenska ríkisins vegna þess tjóns sem H ehf. kynni að hafa beðið vegna þess að fiskiskipi félagsins var á árabílinu 2011 til 2014 úthlutað á grundvelli fyrir mæla í reglugerð minni aflaheimildum en skylt var samkvæmt lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. H ehf. höfðu á síðan mál þetta á hendur íslenska ríkinu til heimtu skaðabóta vegna tjóns sem hann taldi sig hafa orðið fyrir vegna þessa á árunum 2011 til 2018. Undir rekstri málsins var aflað matsgerða dómkvaddra matsmanna og reisti H ehf. endanlega kröfugerð sína á matsgerð þeirri sem hann óskaði eftir. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að með hinni ólögmætu tilhögun á úthlutun aflaheimilda í makríl á fyrrgreindu árabíli hefðu atvinnuréttindi H ehf. verið skert. Þau nyttu verndar 72. gr. stjórnarskrár en sú vernd væri takmarkaðri en vernd hefðbundinna eignarréttinda. Réði þar mestu að atvinnuréttindi væru háð óvissu um varanleika og efnislegt inntak, meðal annars vegna þess að löggjafanum væri ætlað víðtækt svigrúm til þess að grípa inn í nýtingu þeirra og ráðstöfun. Hæstiréttur taldi ekki unnt að leggja afdráttarlaust til grundvallar að H ehf. hefði fullnýtt þá viðbót í aflaheimildum sem kröfur

hans miðuðust við auk þess sem ekki yrði talið að þau 10% vikmörk sem matsmenn miðuðu við vegna óvissuþátta næðu að fullu að fanga þá óvissu sem fyrir hendi væri um mögulega nýtingu aflaheimildanna. Yrðu niðurstöður matsgerðarinnar því ekki lagðar óbreyttar til grundvallar niðurstöðu í málinu svo sem gert var í hinum áfrýjaða dómi. Á hinn bóginn var talið að H ehf. hefði sýnt nægilega fram á að hann hefði orðið fyrir fjárhagslegu tjóni. Fallist var á að gera íslenska ríkinu að greiða honum bætur að álitum og voru þær ákveðnar 250 m.kr. króna.

Hrd. 2. júlí 2025 í máli nr. 7/2025: Ístak hf. gegn Vegagerðinni

Í málinu var deilt um hvaða áhrif lækkun sem varð á byggingarvísitölu í kjölfar gildistöku laga nr. 25/2020 um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru hefði á endurgjald samkvæmt verksamningi aðila. Óumdeilt var að ef ekki hefði komið til setningar laganna hefði vísitalan hækkað um 0,3% í stað þess að lækka um 2,8% sem hafði þau áhrif að verðbætur til Í hf. og þar með heildarendurgjald samkvæmt verksamningnum varð lægra en ella. Í hf. byggði á því að grein 5.1.13 í ÍST 30:2012, sem gilti um samninginn, leiddi til þess að félagið gæti krafist breytingar á samningsfjárhæðinni þar sem kostnaður V sem verkkaupa hefði lækkað við lækkun vísitölunnar. Í dómi Hæstaréttar kom fram að verðbætur sem V þurfti að greiða á umsamin verklaun til Í hf. hefðu vissulega orðið lægri en ella vegna áhrifa laganna á byggingarvísitölu. Hins vegar endurspegluðust breytingar á heildarendurgjaldi fyrir verkið og þar með kostnaði V eðli málsins samkvæmt í þeim verðmæli sem aðilar hefðu komið sér saman um. Féllst Hæstiréttur því ekki á að málalíbúnaðar Í hf. samrýmdist orðalagi og efnislegu inntaki greinar 5.1.13 í staðlinum. Í hf. byggði að auki á reglum samningaréttar um brostnar forsendur, 36. gr. laga nr.

7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga svo og reglum um óréttmæta auðgun. Hæstiréttur féllst ekki á að þær reglur gætu leitt til breytingar á endurgjaldi Í hf. Hinn áfrýjaði dómur var því staðfestur um sýknu V af kröfu Í hf.

Hrd. 9. júlí 2025 í máli nr. 11/2025:
Íslenska ríkið og Landsvirkjun gegn
Brynhildi Briem, Hannesi Þór Sigurðssyni,
Jóni Benjamín Jónssyni, Kristjönu
Ragnarsdóttur, Erni Inga Ingvarssyni,
Ólafi Arnari Jónssyni, Ulfhéðni
Sigurmundssyni, Þóru Þórarinsdóttur og
Ölhóli ehf. og gagnsök

B o.fl. höfðuðu mál á hendur Í og L til ógildingar á þremur ákvörðunum stjórnvalda sem lutu að Hvammsvirkjun sem L áformar að reisa í neðri hluta Þjórsár. Um var að ræða ákvörðun Umhverfisstofnunar um heimild til að breyta vatnshlotinu Þjórsá 1, virkjunarleyfi Orkustofnunar og leyfi Fiskistofu vegna framkvæmdanna. Um heimild Umhverfisstofnunar til að breyta vatnshlotinu Þjórsá 1 komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að þágildandi ákvæði laga um stjórn vatnamála yrðu skýrð þannig, í ljósi lögskýringargagna og meðferðar frumvarps til laganna á Alþingi, að girt hefði verið fyrir að vatnshloti yrði breytt vegna áhrifa af framkvæmdum við að reisa vatnsaflsvirkjanir. Í því sambandi var engu talið breyta þótt mistök hefðu orðið við lagasetninguna sem gætu með engu móti endurspeglað raunverulegan vilja löggjafans, eins og hreyft var af hálfu íslenska ríkisins og Landsvirkjunar. Borgararnir mættu treysta því að vilji löggjafans kæmi fram í skýru orðalagi lagatexta og yrði því ekki borið við að vilji löggjafans hefði í raun staðið til allt annarrar niðurstöðu. Jafnframt kæmi ekki í hlut dómstóla að leiðrétta slík mistök heldur yrði löggjafinn sjálfur að bregðast við, teldi hann efni til, enda setti hann lög en dómstólar dæmdu um efni þeirra. Í því sambandi var bent

á að Alþingi hefði skömmu áður en dómurinn gekk breytt lögum af þessu tilefni. Þær breytingar gætu hins vegar engu breytt um það mál sem var til úrlausnar fyrir Hæstarétti. Það yrði dæmt eftir lögunum eins og þau voru á þeim tíma þegar Umhverfisstofnun tók ákvörðun sína. Samkvæmt þessu var ákvörðun stofnunarinnar um að breyta vatnshlotinu ógilt. Af þeirri ástæðu að ákvörðun hennar var ógilt var talið að grundvöllur virkjunarleyfis Orkustofnunar hefði brostið. Var sú ákvörðun því einnig ógilt. Aftur á móti voru ekki taldir slíkir annmarkar á leyfi Fiskistofu að ástæða væri til að ógilda það.

Hrd. 14. október 2025 í máli nr. 55/2024:
Elva Dögg Sverrisdóttir og Ólafur Viggó
Sigurðsson gegn Íslandsbanka hf.

Í málinu var deilt um gildi skilmála um breytilega vexti óverðtryggðs húsnæðisláns í veðskuldabréfi sem lántakendur gáfu út 21. janúar 2021 til viðurkenningar á skuld við Íslandsbanka hf. Samkvæmt skilmálanum skyldu breytingar á vöxtum „*meðal annars taka mið af breytingum á fjármögnunarkostnaði (lánskjörum) bankans, rekstrarkostnaði, opinberum álögum og/eða öðrum ófyrirséðum kostnaði, stýrivöxtum Seðlabanka Íslands, breytingum á vísitölu neysliverðs o.s.frv.*“. Lántakendur töldu að skilmálinn uppfyllti ekki kröfur um gagnsæi samkvæmt 1. mgr. 34. gr. laga nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda og væri ósanngjarn í skilningi 36. gr. c laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, eins og skýra bæri þessi lög í ljósi Evróputilskipana um neytendavernd á sviði lánasamninga. Undir rekstri málsins í héraði var leitað ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um skýringu ákvæða umræddra tilskipana. Hæstiréttur tók fram að lög nr. 118/2016 hefðu verið sett til að innleiða í íslensk lög tilskipun um lánasamninga fyrir neytendur í tengslum við íbúðarhúsnæði. Yrðu lögin því skýrð með hliðsjón af tilskipunum á sviði

neytendaverndar. Hæstiréttur taldi að tilvísun skilmála bankans til stýrivaxta Seðlabankans stæðist áskilnað 34. gr. laga nr. 118/2016 um gagnsæi. Um tilvísun skilmálans til vísitölu neyslúverðs sagði Hæstiréttur að þótt vísitalan væri opinber vísitala væri vægi hennar í skilmálanum óvissu háð og fullnægði því ekki kröfum 34. gr. Jafnframt taldi Hæstiréttur að aðrir þættir skilmálans uppfylltu ekki skilyrði greinarinnar enda vísuðu þeir til þátta sem neytandi gæti ekki sannreynt og veittu Íslandsbanka hf. opna og ófyrirsjáanlega heimild til vaxtabreytinga. Skilmálinn raskaði því til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna aðila samningsins lántakendum í óhag og teldist ósanngjarn. Til að koma á jafnvægi milli samningsaðila ógilti Hæstiréttur aðra þætti skilmálans en tilvísun til stýrivaxta Seðlabankans. Íslandsbanki hf. var sýknaður af fjárkröfu lántakenda með vísan til þess að vextir á láni þeirra hækkuðu minna en stýrivextir Seðlabankans á því tímabili sem ágreiningur málsins tók til.

Hrd. 29. október 2025 í máli nr. 8/2025: Rekstrarfélag Kringlunnar gegn IK Holdings ehf.

Einkahlutafélagið IKH höfðaði mál á hendur RK, húsfélagi verslunarmiðstöðvarinnar, til endurgreiðslu þess hluta húsgjalda sem það hafði innt af hendi á tilteknu tímabili sem þátt í kostnaði húsfélagsins vegna auglýsinga- og kynningarstarfsemi. Hæstiréttur féllst ekki á með IKH að með ákvæði í samþykktum húsfélagsins um að þessi kostnaður teldist sameiginlegur hefði það farið út fyrir heimildir sínar samkvæmt lögum nr. 26/1994 um fjöl-eignarhús. Að sama skapi var ekki litið svo á að jafnræðis og meðalhófs hefði ekki verið gætt gagnvart IKH við ákvörðun húsgjalda að þessu leyti þannig að í bága færi við réttindi einkahlutafélagsins samkvæmt 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar. Að fenginni þeirri niðurstöðu kom til skoðunar hvort þinglýsing

samþykta húsfélagsins hefði verið skilyrði fyrir því að IKH yrði bundið af fyrrnefndu ákvæði þeirra. Ekki var fallist á að tilvísanir í þinglýstum eignaskiptayfirlýsingum hefðu með einhverjum hætti fullnægt kröfum laga til þinglýsingar samþykta húsfélags. Á hinn bóginn taldi Hæstiréttur sannað að fyrirsvarsmaður IKH hefði þegar við kaup á eignarhluta félagsins vitað eða mátt vita að samþykktir húsfélagsins mæltu efnislega fyrir um að kostnaður af auglýsinga- og kynningarstarfsemi væri borinn uppi af eigendum sameiginlega og skipt samkvæmt ákveðnum hlutfallstölum. Gæti IKH því ekki borið fyrir sig að ákvæði samþykktanna á þessa leið hefðu ekki gildi gagnvart því. Húsfélagið var því sýknað af kröfum IKH um endurgreiðslu.

Hrd. 5. nóvember 2025 í máli nr. 6/2025: Íslensk erfðagreining ehf. gegn Persónuvernd og Landspítala

Í ehf. höfðaði mál til ógildingar á ákvörðun Persónuverndar frá 23. nóvember 2021 um að vinnsla persónuupplýsinga Í ehf. og Landspítala í aðdraganda rannsóknar sem samþykkt var af vísindasiðanefnd 7. apríl 2020 hefði ekki samrýmst lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglugerð um persónuvernd. Hæstiréttur taldi að þrátt fyrir víðtækt eftirlitshlutverk og valdheimildir stofnunarinnar gæti frumkvæðiseftirlit stofnunarinnar ekki náð til þess að hún endurmæti í reynd hvað teldist vísindarannsókn á heilbrigðissviði, hvort slík rannsókn teldist hafin eða eftir atvikum hvort gagna hefði verið aflað í þágu slíkrar rannsóknar. Það mat færi vísindasiðanefnd með samkvæmt lögum nr. 44/2014. Þá var það einnig niðurstaða Hæstaréttar að stofnunin hefði brotið gegn rannsóknarskyldu sinni við meðferð málsins og byggt niðurstöðu sína á misræmi gagna með þeim afleiðingum að Í ehf. og L báru halla af. Var fallist á kröfu Í ehf. um að ógilda ákvörðunina frá 23. nóvember 2021.



Hrd. 24. nóvember 2025 í máli nr. 10/2025: Málsóknarfélag makrílveiðimanna gegn íslenska ríkinu

Málsóknarfélag makrílveiðimanna höfðaði mál á hendur íslenska ríkinu og krafðist þess að viðurkennd yrði skaðabótaskylda þess á tjóni félagsmanna málsóknarfélagsins vegna úthlutunar á aflahlutdeild í makríl samkvæmt III. ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 46/2019. Í málinu var einkum deilt um hvort krafan væri fyrnd. Í dómi Hæstaréttar var rakið að M hefði allt frá birtingu síðastgreindu laganna 20. júní 2019 og í síðasta lagi við úthlutun Fiskistofu á aflahlutdeild og aflamarki í makríl 8. ágúst það ár haft nauðsynlegar upplýsingar um að lögin myndu leiða til skerðingar fjárhagslegra hagsmuna félagsmanna hans og þar með valda þeim tjóni. Fyrningarfrestur kröfu M hefði samkvæmt því byrjað að líða 20. júní 2019 og aldrei síðar en 8. ágúst sama ár. Í þeim efnum réði ekki úrslitum þótt ekki hefði á þeim tíma verið hægt að staðreyna endanlega fjárhæð tjónsins. Þá taldi Hæstiréttur að M stoðaði ekki að vísa til 1. mgr. 22. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda vegna niðurstöðu Hæstaréttar 19. apríl 2023 í máli nr. 44/2022 eða að með þeim dómi hefði stofnast nýr sex mánaða frestur til að höfða annað mál. Málsgrundvöllur í fyrirbyggjandi máli væri annar og sakarefni ólíkt því sem hefði verið til úrlausnar í fyrrgreindum dómi. Ákvæðið ætti því ekki við í málinu. Niðurstaða hins áfrýjaða dóms um að krafa M væri fallin niður fyrir fyrningu samkvæmt 1. málslíð 1. mgr. 9. gr. laga nr. 150/2007 var því staðfest.

Hrd. 10. desember 2025 í máli nr. 24/2025 Arion banki hf. gegn Eypóri Skúla Jóhann- essyni og Elínborgu Jóhannesdóttur og gagnsök

Lántakar höfðuðu mál gegn A hf. og kröfðust

endurgreiðslu á hluta þeirra vaxta sem þau höfðu greitt af verðtryggðu húsnæðisláni með breytilegum vöxtum samkvæmt veðskuldabréfi sem þau gáfu út 3. janúar 2017 og greiddu upp 29. mars 2021. Samkvæmt skilmálum þess skyldi við ákvarðanir um breytingar á vöxtum horfa til „breytinga á ávöxtunarkröfu verðtryggðra skuldabréfa útgefinna m.a. af Íbúðalánasjóði, bönkum og fjármálastofnunum á Íslandi, ríkissjóði Íslands eða sveitarfélögum, breytinga á fjármögnunarkostnaði, rekstrarkostnaði, smásöluálagningu bankans og álagningu bankans vegna útlánaáhættu“. Lántakar töldu skilmálann ekki uppfylla kröfur um gagnsæi samkvæmt lögum nr. 33/2013 um neytendalán og hann væri ósanngjarn í skilningi 36. gr. c samningalaga nr. 7/1936, eins og löggin væru skýrð í ljósi Evróputilskipana um neytendavernd. Hæstiréttur tók fram að skilmálinn hefði í mikilvægum atriðum verið ólíkur þeim sem var til umfjöllunar í dómi réttarins 14. október 2025 í máli nr. 55/2024 auk þess sem leyst var úr því máli á grundvelli laga nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda. Hæstiréttur leit til þess að í skilmála A hf. hefðu skilyrði vaxtabreytinga verið tæmandi talin og lög nr. 33/2013 gerðu ekki ríkari kröfur til lýsingar á málsmeðferð við vaxtaákvörðun en fram kæmi í honum. Jafnframt var litið til þess að skilmálinn hefði verið á skýru og skiljanlegu máli með útskýringum á hverju og einu skilyrði vaxtabreytinga. Taldi Hæstiréttur að skilmálinn uppfyllti gagnsæiskröfur laga um neytendalán. Ekki varð séð að A hf. hefði nýtt sér aðstöðumun við samningsgerðina eða að jafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila hefði verið raskað til muna. Yrði sú krafa ekki leidd af 36. gr. c laga nr. 7/1936 um jafnvægi milli samningsaðila að fyllilega þyrfti að vera fyrirsjáanlegt hvaða vexti lántaki myndi greiða af láni með breytilegum vöxtum þegar kröfur um lögmæti skilmála væru að öðru leyti uppfylltar. Þá var horft til þess að lántökum voru tryggð ákveðin mótvægisúrræði vegna ófyrirsjáanleika skilmálans. Því var ekki fallist á með lántökum að skilmálinn væri

ósanngjarn í skilningi 36. gr. c samningalaga. Var því staðfest niðurstaða Landsréttar um sýknu A hf. af kröfum lántaka.

Hrd. 17. desember 2025 í máli nr. 16/2025: Heiðardalur ehf. gegn Búð ehf.

H ehf. höfðu málið á hendur B ehf. og krafðist þess að fá viðurkennt að atkvæði fylgdi ekki jörðinni Hvarfsdal í Dalabyggð í Veiðifélagi Búðardalsár. Hæstiréttur rakti að samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði fylgdi eitt atkvæði hverri jörð sem veiðirétt ætti í samræmi við ákvæði laganna. Með jörð í skilningi ákvæðisins væri átt við þær jarðir, þar á meðal eyðijarðir, sem fullnægðu skilyrðum laga til að teljast lögbýli við gildistöku eldri jarðalaga nr. 65/1976. Jörðin Hvarfsdalur hefði farið í eyði um miðbik fjórða áratugar síðustu aldar og fallið af jarðaskrá fardagaárið 1967 til 1968. Þá hefði B ehf. ekki axlað sönnunarbyrði um að jörðin hefði getað framfleytt minnst 10 kúgildum. Hæstiréttur taldi það leiða af 1. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006 að atkvæði í fyrrgreindu veiðifélagi fylgdi ekki jörðinni. Einnig taldi rétturinn að það færi ekki í bága við 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar og 74. gr. um félagafrelsi að B ehf. nyti ekki atkvæðisréttar í veiðifélagi vegna jarðarinnar. Þannig hefði ekki verið gengið lengra með lögum nr. 61/2006 við að takmarka réttindi B ehf. en efni voru til. Samkvæmt þessu var tekin til greina viðurkenningarkrafa H ehf.

Hrd. 22. desember 2025 í máli nr. 32/2025: Birgir Þór Gylfason og Jórunn S. Gröndal gegn Landsbankanum hf.

Lántakar höfðu málið gegn L hf. og kröfðust endurgreiðslu á hluta þeirra vaxta sem þau höfðu greitt af óverðtryggðu láni með breytilegum vöxtum samkvæmt veðskuldabréfi sem þau gáfu út 4. júlí 2019 og greiddu

upp 2. febrúar 2021. Samkvæmt skilmálum þess var L hf. heimilt hvenær sem er á láns- tímanum að hækka eða lækka vexti í samræmi við vaxtaákvarðanir L hf. á hverjum tíma. Vaxtaákvarðanir tóku „meðal annars mið af vöxtum Seðlabanka Íslands, vöxtum á markaði og öðrum fjármögnunarkjörum“. Lántakar töldu að skilmálinn uppfyllti ekki kröfur um gagnsæi í 1. mgr. 34. gr. laga nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda og væri ósanngjarn í skilningi 36. gr. c laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga eins og skýra bæri þessi lög í ljósi Evróputilskipana um neytendavernd á sviði lánasamninga. Undir rekstri málsins í héraði var leitað ráðgefandi álits EFTA- dómstólsins. Hæstiréttur lagði til grundvallar að tilvísun skilmálans til vaxta Seðlabanka Íslands vísaði til stýrivaxta og fullnægði kröfum 34. gr. laga nr. 118/2016 um gagnsæi. Hins vegar þótti tilvísun til vaxta á markaði óskýr og ekki standast áskilnað 34. gr. Jafnframt taldi Hæstiréttur að aðrir þættir skilmálans uppfylltu ekki skilyrði greinarinnar enda kæmu þar ekki fram á skýran og hnitmiðaðan hátt skilyrði og málsmeðferð við breytingu útlánsvaxta. Skilmálinn raskaði því til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna aðila samningsins lántökum í óhag og teldist ósanngjarn í skilningi 3. mgr. 36. gr. c laga nr. 7/1936, sbr. 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 93/13/EBE um ósanngjarna skilmála í neytendasamningum. Til að koma á jafnvægi milli samningsaðila var fallist á að skilmáli skuldabréfsins um breytingar á vöxtum lánsins yrði metinn ógildur að því leyti sem þar væri vísað til annarra þátta en vaxta Seðlabanka Íslands. Við úrlausn endurgreiðslukröfunnar voru ekki efni til að leggja 18. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu til grundvallar enda hefði skilmálinn ekki verið ógiltur í heild sinni. Á samningstímanum höfðu vextir lánsins lækkað tíu sinnum. Fyrir Hæstarétti vísuðu lántakar til útreiknings sem tók mið af mismun á þeim vöxtum sem þau greiddu á samningstímanum og vöxtum sem þeim hefði borið að greiða ef vextir lánsins hefðu að öllu leyti fylgt lækkun

stýrivaxta. Hæstiréttur taldi að lántakar hefðu mátt hafa raunhæfar væntingar um að L hf. myndi lækka vexti vegna tilvísunar til vaxta Seðlabanka Íslands en þó ekki, vegna orðalags skilmálans, að breytingarnar fylgdu tafarlaust og nákvæmlega breytingum á stýrivöxtum. Ekki væri annað fram komið en að gildar ástæður hefðu legið að baki því að munur breytilegra vaxta og stýrivaxta hefði aukist tímabundið á samningstímanum og jafnframt lægi ekki annað fyrir en að munurinn hefði verið innan svigrúms L hf. samkvæmt skilmálanum. Því var staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu L hf. af kröfum lántaka.

Hrd. 22. desember 2025 í máli nr. 35/2025: Tómas Kristjánsson og Berglind Anna Zoega Magnúsdóttir gegn Landsbankanum hf.

T og B höfðuðu mál gegn L hf. og kröfðust endurgreiðslu á vöxtum sem þau töldu sig hafa ofgreitt af tveimur verðtryggðum skuldabréfum með breytilegum vöxtum. Skuldabréfin höfðu þau upphaflega gefið út til Lí hf. í júní 2006 og innt síðustu greiðslur af hendi í júní 2021. Í 2. tölulíð skuldabréfanna var samhljóða skilmáli um breytingar á vöxtum. Byggðu T og B á því að hann hefði farið gegn 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. þágildandi laga nr. 121/1994 um neytendalán og einnig verið ósanngjarn og ógildur samkvæmt 36. og 36. gr. c laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Hæstiréttur féllst ekki á málsástæður L hf. um að T og B hefðu glatað rétti til hugsanlegrar endurgreiðslu á grundvelli traustfangsreglna um viðskiptabréf eða vegna tómlætis. Niðurstaða hins áfrýjaða dóms um að skilmálinn hefði ekki fullnægt ákvæðum laga nr. 121/1994 var staðfest enda yrði ekki séð hvernig sæmilega upplýstur og athugull neytandi hefði með fullnægjandi hætti getað ráðið af honum af hvaða tilefni bankinn hygðist breyta samningsvöxtum. Þá var skilmálinn talinn hafa verið til þess

fallinn að raska til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila T og B í óhag samkvæmt 36. gr. c laga nr. 7/1936 og væri því ógildur eftir 36. gr. sömu laga. Þar sem upphaflegt vaxtaákvæði bréfanna teldist þrátt fyrir þetta hafa verið gilt kom ekki til álita að T og B gætu byggt fjárkröfu á 1. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Vísað var til þess að vegna ógildis skilmálans hefði L hf. ótvírætt verið óheimilt að byggja ákvarðanir um hækkun samningsvaxta af lánum T og B á honum. Á því tímabili sem kröfur T og B töldust ófyrndar hefðu vextir af lánunum hins vegar í öllum tilvikum verið lægri en þeir sem upphaflega hafði verið samið um. Hæstiréttur leit til þess að eitt meginefni lánasamninganna hefði verið að vextir skyldu vera breytilegir. Var talið að T og B hefðu því mátt hafa ákveðnar væntingar um að L hf. lækkaði samningsvexti samhliða almennri vaxtaþróun þó þannig að þau hefðu ekki mátt vænta þess að breytingar á samningsvöxtum fylgdu tafarlaust eða nákvæmlega slíkri þróun. Með hliðsjón af málalíbúnaði aðila og gögnum málsins var ekki talið liggja fyrir að vegna hins ólögmæta og ógilda skilmála hefðu þau greitt hærra vexti en þeim bar á umræddu tímabili eða með öðrum hætti orðið fyrir tjóni af þessum sökum. Því var staðfest niðurstaða hins áfrýjaða dóms um sýknu L hf. af kröfum T og B.

SAKAMÁL

Hrd. 29. janúar 2025 í máli nr. 26/2024:
Ákærvaldið gegn X

X var ákærð fyrir blygðunarsemisbrot með því að hafa aflað sér og dreift til tveggja nafngreindra kvenna nektarmynd af þáverandi eiginmanni sínum, sem sýndi getnaðarlim hans, ásamt tveimur nektarmyndum af annarri konu sem sýndu brjóst hennar, án samþykkis þeirra. Í ákæru voru brot X talin varða við 199. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. áður 209. gr. sömu laga. X

byggði málsvarnir sínar á því að verknaðurinn hefði verið framinn í mikilli reiði og ekki hefði verið um lostugt athæfi af kynferðislegum toga að ræða. Hæstiréttur taldi hins vegar að komin væri fram nægileg sönnun fyrir því að háttsemi ákærðu hafi í umrætt sinn verið lostug í skilningi 209. gr. almennra hegningarlaga. Var hinn áfrýjaði dómur staðfestur um sakfellingu og ákvörðun refsingar.

Hrd. 12. mars 2025 í máli nr. 36/2024:
Ákærvaldið gegn Ágústi Arnari
Ágústssyni, Einari Ágústssyni, Zuism
trúfélagi, EAF ehf. og Threescore LLC

Ákærðu var gefið að sök fjársvik og peningaþvætti með því að hafa hagnýtt sér þá röngu hugmynd stjórnvalda að Zuism trúfélag uppfyllti skilyrði skráningar trúfélaga samkvæmt lögum nr. 108/1999 og þannig aflað trúfélaginu 84.727.320 króna sóknargjalda úr ríkissjóði sem það átti ekki rétt á. Ákærðu kröfðust frávísunar, heimvísunar eða ómerkingar málsins vegna ágalla á ákæru og dómi Landsréttar. Hæstiréttur taldi enga þá formannmarka á málinu sem stæðu því í vegi að það yrði lagður efnisdómur á það og staðfesti niðurstaðu Landsréttar um sakfellingu ákærðu en þó þannig að leggja yrði til grundvallar að ákærðu hefðu styrkt og hagnýtt sér óljósa hugmynd viðkomandi starfsmanna ríkisins fremur en beinlínis ranga hugmynd þeirra. Ákærðu hafi þannig sameiginlega markvisst hagnýtt sér þá óvissu sem hafði skapast um starfsemi Zuism trúfélags og aflað félaginu framlaga úr ríkissjóði sem það átti í reynd engan rétt á. Var staðfest niðurstaða Landsréttar um refsingu ákærðu og upptöku eigna hinna ákærðu félaga.

Hrd. 11. júní 2025 í máli nr. 2/2025: Ákærvaldið gegn Najeb Mohammad Alhaj Husin

X var ákærður fyrir nauðgun og kynferðisbrot gegn barni með því að hafa ítrekað haft samræði og önnur kynferðismök við A sem þá var 14 ára. Þá var honum gefin að sök kynferðisleg áreitni með því að hafa í tvígang kysst A og káfað á brjóstum hennar og kynfærum utanklæða. Að endingu var X gefið að sök að hafa haft barnaníðsefni í vörslum sínum. Með dómi héraðsdóms var X sakfelldur samkvæmt ákæru að því undanskildu að ekki var fallist á heimfærslu háttsemi hans til 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga um nauðgun. Landsréttur taldi X hins vegar hafa beitt A ólögumætri nauðung í skilningi ákvæðisins og hann var því einnig sakfelldur fyrir brot gegn því ákvæði. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu Landsréttar um sakfellingu og féllst á að háttsemi X svaraði til hugtaksins „*annars konar ólögumæt nauðung*“ í skilningi 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga og því teldist samþykki brotþola, gefið af frjálsum vilja í skilningi málsgreinarinnar, ekki hafa legið fyrir þegar X viðhafði þá háttsemi sem honum var gefin að sök. Niðurstaða Landsréttar um heimfærslu háttseminnar til refsíákvæða og um fimm ára fangelsisrefsingu var því staðfest.

Hrd. 18. júní 2025 í máli nr. 3/2025: Ákærvaldið gegn X

X var ákærður fyrir manndráp og gefið að sök að hafa svipt A lífi með því að stinga hann tvisvar sinnum í vinstri síðu með hnífi með þeim afleiðingum að ytri mjaðmarslagæð fór í sundur og olli umfangsmiklu blóðtapi sem leiddi til dauða hans. Með dómi Landsréttar var X sýknaður af refsikröfu ákærvaldsins með vísan til 2. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga sem kveður á um að hafi maður farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar og ástæða til þess sé sú að hann hafi orðið svo skelfdur

eða forviða að hann gat ekki fullkomlega gætt sín skuli honum ekki refsað. Í dómi Hæstaréttar kom fram að í málinu fléttaðist sönnun um refsivert athæfi saman við sönnun um skilyrði fyrir hlutrænni refsileysisástæðu. Í hinum áfrýjaða dómi hefði verið talið sannað að um mjög óvenjulegar aðstæður hefði verið að ræða þar sem A hefði ráðist á X með hnífi auk þess að hafa veitt X áverka með hættulegri verknaðaraðferð í upphafi árásarinnar sem ekki hefði verið afstaðin þegar A hlaut þá áverka sem leiddu hann til dauða. Við mat á sönnun hefði Landsréttur litið til aðstæðna eins og þær horfðu við X sem og aðdraganda að atlögu A. Komst Landsréttur að þeirri niðurstöðu að X hefði verið skelfdur eða forviða í skilningi 2. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga þannig að hann hefði ekki fullkomlega getað gætt sín og farið út fyrir takmörk neyðarvarnar af þeim sökum. Hæstiréttur tók fram að þessi niðurstaða hins áfrýjaða dóms hefði í öllu verulegu verið byggð á mati á sönnunargildi munnlegs framburðar sem ekki yrði endurmetið fyrir Hæstarétti. Því var staðfest niðurstaða Landsréttar um sýknu X af refsikröfu ákærvaldsins fyrir manndráp.



ÁFRÝJUN HÉRAÐSDÓMS BEINT TIL HÆSTARÉTTAR

Eftir að dómstigin urðu þrjú í ársbyrjun 2018 er mælt fyrir um heimild í 1. mgr. 175. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála til að áfrýja héraðsdómi beint til Hæstaréttar. Upphaflega var slíkt áfrýjunarleyfi meðal annars bundið því skilyrði að þörf væri á að fá endanlega niðurstöðu Hæstaréttar með skjótum hætti. Með lögum nr. 134/2022 var heimildin rýmkuð með því að fella brott það skilyrði. Í kjölfarið hefur Hæstiréttur í auknum mæli veitt heimild til að áfrýja héraðsdómi beint til réttarins. Með því móti hefur fyrr fengist niðurstaða í mörgum mikilvægum málum en ávinningurinn er að ekki þarf að skjóta dómi til Landsréttar í málum sem fyrirsjáanlega munu rata til Hæstaréttar. Slíkt leyfi verður þó ekki veitt ef málsaðili telur þörf á að leiða vitni eða enn er uppi ágreiningur um sönnunargildi munnlegs framburðar eða enn er deilt um staðreyndir þannig að skipa þurfi sérfróðan meðdómsmann.

Hér eru taldir þeir dómar Hæstaréttar þar sem héraðsdómi hefur verið áfrýjað beint til réttarins.

Dómur 27. maí 2021 í máli nr. 4/2021:

ÍL-sjóður gegn Ólafi Hvanndal Ólafssyni og Maríu Björgu Þórhallsdóttur

Dómur 27. maí 2021 í máli nr. 3/2021:

ÍL-sjóður gegn Erlu Stefánsdóttur og Finnbirni Berki Ólafssyni

Dómur 28. október 2021 í máli nr. 19/2021:

Ípaka fasteignir ehf. gegn Fosshótelum ehf.

Dómur 2. nóvember 2022 í máli nr. 15/2022:

A gegn Tryggingastofnun og íslenska ríkinu

Dómur 2. nóvember 2022 í máli nr. 16/2022:

C gegn Tryggingastofnun og íslenska ríkinu

Dómur 2. nóvember 2022 í máli nr. 17/2022:

B gegn Tryggingastofnun og íslenska ríkinu

Dómur 22. desember 2023 í máli nr. 39/2023:

Íslenska ríkið gegn Ástríði Grímsdóttur

Dómur 28. febrúar 2024 í máli nr. 24/2023:

A gegn íslenska ríkinu

Dómur 27. mars 2024 í máli nr. 36/2023:

Stefán Halldórsson, Anna Guðný Halldórsdóttir og Pórey Kolbrún Halldórsdóttir gegn íslenska ríkinu

Dómur 14. október 2024 í máli nr. 10/2024:

Tryggingastofnun ríkisins gegn A og Öryrkjabandalagi Íslands

Dómur 20. nóvember 2024 í máli nr. 15/2024:

Íslenska ríkið gegn Reykjavíkurborg

Dómur 27. nóvember 2024 í máli nr. 11/2024:

Lífeyrissjóður verzlunarmanna gegn A

Dómur 9. desember 2024 í máli nr. 18/2024:

Persónuvernd og íslenska ríkið gegn Reykjavíkurborg

Dómur 21. maí 2025 í máli nr. 56/2024:

Samkeppniseftirlitið, Búsæld ehf. og Kaupfélag Skagfirðinga gegn Innnesi ehf.

Dómur 9. júlí 2025 í máli nr. 11/2025:

Íslenska ríkið og Landsvirkjun gegn Brynhildi Briem, Hannesi Þór Sigurðssyni, Jóni Benjamín Jónssyni, Kristjönu Ragnarsdóttur, Erni Inga Ingvarssyni, Ólafi Arnari Jónssyni, Úlfhéðni Sigurmundssyni, Þóru Þórarinsdóttur og Ölhóli ehf. og gagnsök

Dómur 14. október 2025 í máli nr. 55/2024:

Elva Dögg Sverrisdóttir og Ólafur Viggó Sigurðsson gegn Íslandsbanka hf.

Dómur 24. nóvember 2025 í máli nr. 10/2025:

Málsóknarfélag makrílveiðimanna gegn íslenska ríkinu

Dómur 22. desember 2025 í máli nr. 32/2025:

Birgir Þór Gylfason og Jórunn S. Gröndal gegn Landsbankanum hf.

Hér á eftir eru talin þau mál þar sem leyfi hefur verið veitt til að áfrýja héraðsdómi beint til Hæstaréttar en dómur er enn ekki fallinn:

Mál nr. 41/2025:

Eydís Lára Franzdóttir, Guðni Kjartan Franzson, Sigríður Sólrún Jónsdóttir, Ólafur Þór Jónsson, Reykjavrent ehf., Jón Gestur Ólafsson, Freygerður Anna Ólafsdóttir og Edda Rún Ólafsdóttir gegn Sveitarfélaginu Vogum og Landsneti hf.

Mál nr. 47/2025:

A gegn Almenna lífeyrissjóðnum

Mál nr. 50/2025:

A gegn íslenska ríkinu

NORRÆNT SAMSTARF

Ráðstefna norrænna hæstaréttardómara

Reglulega er haldin ráðstefna norrænna hæstaréttardómara en hún fór að þessu sinni fram í Stokkhólmi 24. og 25. mars. Ráðstefnuna sótti á fjórða tug dómara frá öllum æðstu dómstólum Norðurlandanna. Af hálfu Íslands tóku þátt Benedikt Bogason forseti Hæstaréttar og hæstaréttardómararnir Ása Ólafsdóttir og Björg Thorarensen.

Í upphafi ráðstefnunnar gerði hvert landanna fyrir sig grein fyrir því sem hafði verið efst á baugi í starfsemi dómstólanna undanfarið. Slík umræða veitir góða innsýn í störf þeirra og varpar ljósi á hvernig þeir fást við sömu eða lík viðfangsefni. Mjög gagnlegt er fyrir dómstólana að fá slíkar upplýsingar til að mæta ýmsum áskorunum sem þeir standa frammi fyrir.

Á ráðstefnunni var haldið erindi frá hverju landi um eitthvert málefni sem hefur þýðingu í norrænu samhengi. Af hálfu Íslands fjallaði Benedikt um hvort efni væru til að takmarka sönnunarfærslu í einkamálum á grundvelli meðalhófs. Með því er átt við að málsmeðferðin verði ekki umfangsmeiri en málið gefur tilefni til. Þannig geti dómari takmarkað sönnunarfærslu til að koma í veg fyrir óhæfilegan drátt á máli og kostnað af því. Að baki þessu búa bæði hagsmunir samfélagsins og þess sem málsókninni er beint að. Sjónarmið af þessu tagi hafa haft áhrif á réttarfarsreglur í Noregi og víðar en þeirra hefur ekki gætt í sama mæli annars staðar á Norðurlöndum.

Rætt var um ýmis önnur málefni á ráðstefnunni en þar má helst nefna dóma yfirdeildar Mannréttindadómstóls Evrópu í loftslagsmálum,



Fundur forseta æðstu dómstóla Norðurlandanna

reglur landanna um leyfi til málskots, skipun dómara, notkun gervigreindar í störfum lögfræðinga, tiltrú almennings á störfum dómstóla og samskipti þeirra við fjölmiðla.

Fundur forseta æðstu dómstóla Norðurlandanna

Fundur forseta æðstu dómstóla Norðurlandanna er haldinn árlega og í þetta sinn var hann haldinn á Íslandi í Vestmannaeyjum 28. og 29. ágúst. Af hálfu Íslands sóttu fundinn Benedikt Bogason, forseti Hæstaréttar, Sigurður Tómas Magnússon, varaforseti réttarins og Ólöf Finnsdóttir skrifstofustjóri. Venju samkvæmt gerði hvert landanna grein fyrir starfsemi síns dómstóls á liðnu ári. Einnig voru tekin til umfjöllunar málefni sem eru efst á baugi og hafa sameiginlega þýðingu fyrir dómstóla landanna. Af hálfu Íslands fjallaði Benedikt um miðlun upplýsinga um réttinn til almennings en því efni hefur aðallega verið komið á framfæri á heimasíðu réttarins. Jafnframt gerði hann grein fyrir undirbúningi að því að miðla upplýsingum um réttinn á Instagram en það hefur Hæstiréttur Noregs gert á liðnum árum með góðum árangri. Meðal umræðuefna á fundinum var starfsfyrirkomulag dómstólanna auk þess sem rætt var um reglur landanna um unga brotamenn.

Fundur skrifstofustjóra æðstu dómstóla Norðurlandanna

Árlegur fundur skrifstofustjóra æðstu dómstóla Norðurlandanna var haldinn í Ósló 3. og 4. september og sótti fundinn Ólöf Finnsdóttir skrifstofustjóri Hæstaréttar. Þar var meðal annars gerð grein fyrir starfsemi dómstólanna á liðnu ári. Einnig var rætt um ýmis málefni sem efst voru á baugi hjá dómstólunum og hafa sameiginlega þýðingu fyrir þá.



Fundur forseta æðstu dómstóla Norðurlandanna og baltnesku landanna

Þessi fundur var haldinn í fyrsta sinn í Helsinki 24. og 25. september en hann sóttu forsetar og dómara frá æðstu dómstólum Norðurlandanna og æðstu dómstólum Eistlands, Lettlands og Litáens. Af hálfu Íslands sótti fundinn Benedikt Bogason forseti Hæstaréttar. Á fundinum gerði hvert landanna grein fyrir dómstólaskipan þess og lagahefð. Einnig var fjallað um sjálfstæði dómsvaldsins, þær áskoranir sem réttarríkið stæði frammi fyrir og fordæmisgildi dóma með tilliti til lagalegrar vissu.

SAMSKIPTI VIÐ ALÞJÓÐADÓMSTÓLA OG HÆSTARÉTT PÓLLANDS

Hæstiréttur hefur um langt skeið lagt ríka áherslu á að eiga góð samskipti við þá alþjóðadómstóla sem Ísland á aðild að. Þetta er gert með gagnkvæmum heimsóknum, miðlun upplýsinga og þátttöku á fundum og ráðstefnum. Einnig hefur Hæstiréttur í gegnum árin átt tilfallandi samskipti við æðstu dómstóla í ýmsum ríkjum.

Hinn 31. janúar sótti Benedikt Bogason forseti Hæstaréttar hátíðlega athöfn í Strassborg í Frakklandi hjá Mannréttindadómstóli Evrópu sem haldin er ár hvert og markar upphaf starfsárs dómstólsins. Þar fluttu erindi forseti

dómsins Marko Bosnjak en hann er dómari Slóveníu við dómstólinn og Christophe Soulard, forseti Hæstaréttar Frakklands. Sama dag sótti Benedikt ráðstefnu um vernd mannréttinda í heimi gervigreindar og algóritma. Íslenski dómariinn við réttinn, Oddný Mjöll Arnardóttir, átti sæti í nefnd sem skipulagði ráðstefnuna. Einnig sóttu ráðstefnuna Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari og Hervör Þorvaldsdóttir forseti Landsréttar.

Árlega fær Hæstiréttur heimsókn frá EFTA-dómstólnum en Páll Hreinsson forseti hans og Ólafur Jóhannes Einarsson skrifstofustjóri



Frá heimsókn Páls Hreinssonar og Ólafs Jóhannesar Einarssonar

Benedikt Bogason og
Małgorzata Manowska



dómstólsins áttu fund 10. júní með dómurum Hæstaréttar, skrifstofustjóra og aðstoðarmönnum dómara. Páll og Ólafur fjölluðu um það sem helst væri á döfinni hjá EFTA-dómstólnum og á vettvangi EES-samningsins.

Benedikt ásamt Sigurði Tómasi Magnússyni varaforseta réttarins og Ólöfu Finnsdóttur skrifstofustjóra hans tóku þátt í ferð Lögfræðingafélags Íslands til Póllands í september. Á dagskránni var meðal annars heimsókn í Hæstarétt Póllands en þar var Benedikt í fyrirsvari fyrir hópinn. Við þetta tækifæri átti Benedikt fund með fyrsta forseta Hæstaréttar Póllands, dr. Małgorzata Manowska.

Árleg ráðstefna EFTA-dómstólsins var haldin í Lúxemborg 18. september en hana sóttu Benedikt og Ása Ólafsdóttir hæstaréttardómari. Þessi ráðstefna er yfirleitt vel sótt af dómurum frá æðstu dómstólum aðildarríkjanna, Íslands, Noregs og Liechtensteins. Á henni er fjallað um málefni sem eru ofarlega á baugi á vettvangi samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Hinn 31. október heimsótti Hæstarétt Oddný Mjöll Arnardóttir, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, og átti fund með dómurum og starfsmönnum réttarins. Hún fjallaði um starfsemi dómstólsins og gerði grein fyrir hve mörg mál frá Íslandi væru þar til meðferðar og hvernig þau skiptust eftir málaflokkum. Einnig ræddi hún um það sem efst væri á baugi hjá Mannréttindadómstólnum. Í ferð sinni til Íslands flutti Oddný erindi á málþingi í Háskóla Íslands í tilefni af því að 75 ár eru liðin frá því að mannréttinasáttmáli Evrópu var samþykktur. Að málþinginu stóðu Mannréttindastofnun Háskóla Íslands og Mannréttindastofnun Íslands.

Frá heimsókn Oddnýjar Mjallar
Arnardóttur, dómara við MDE




SAMSKIPTI VIÐ BANDARÍKIN

Hæstiréttur Bandaríkjanna heimsóttur

Benedikt Bogason forseti Hæstaréttar heimsótti Hæstarétt Bandaríkjanna 19. maí. Heimsóknin hófst með því að Benedikt skoðaði dómhús réttarins í Washington undir leiðsögn þar sem fjallað var um starfsemina og sögu réttarins. Rétturinn fékk dómhúsið árið 1935 en áður var hann til húsa í þinghúsi Bandaríkjanna (The U.S. Capitol). Að því loknu átti Benedikt fund með John G. Roberts Jr. forseta réttarins.

Íslenskir lögfræðingar hafa um langt skeið átt í nokkrum samskiptum við Hæstarétt Bandaríkjanna. Árið 1997 fór Lögfræðingafélag Íslands í fjölmenna ferð til Washington en þá bauð Antonin Scalia hæstaréttardómari




John G. Roberts Jr. forseti Hæstaréttar Bandaríkjanna ásamt Benedikt Bogasyni

hópnum að heimsækja réttinn. Þar hélt hann fyrirlestur í dómsal réttarins og svaraði spurningum. Árið 2008 bauð lagadeild Háskóla Íslands honum að flytja ávarp í hátíðarsal Háskólans í tilefni af aldarafmæli lagakennslu á Íslandi. Við það tækifæri heimsótti Scalia Hæstarétt Íslands og átti fund með dómurum réttarins. Í kjölfar þessarar heimsóknar bauð Scalia laganemum við Háskóla Íslands sem árlega áttu leið um Washington á leið til Ohio vegna stúdentaskipta að heimsækja Hæstarétt og hélst þessi háttur á þar til Scalia lést árið 2016. Á því ári bauð Stephen Breyer, dómari við réttinn, laganemunum í heimsókn. Hæstaréttardómararnir Elena Kagan og Neil Gorsuch heimsóttu einnig Hæstarétt Íslands sumarið 2021 og áttu fund með hæstaréttardómurum.

Á fundinum með forseta Hæstaréttar Bandaríkjanna rakti Benedikt þessi samskipti og lýsti yfir mikilli ánægju með þau. Einnig ræddu forsetarnir um ýmis sameiginleg mál-efni dómstóla.

Heimsókn frá Ohio Northern University – Petit College of Law

Í maí fékk Hæstiréttur heimsókn frá nemendum og kennurum við sumarskóla lagadeildar Ohio Northern University í Bandaríkjunum. Á meðal gesta voru Melissa Baumann rektor háskólans og Charles Rose, forseti lagadeildar skólans. Á móti gestunum tóku Benedikt, Ólöf og Jenný Harðardóttir aðstoðarmaður dómara. Á þessu ári er því fagnað að lagadeild Háskóla Íslands og lagadeild Ohio Northern University hafa átt samstarf í 65 ár sem felst í gagnkvæmum árlegum heimsóknum nemenda. Af




Nemendur frá Ohio Northern University ásamt Melissu Bauman rektor og Charles Rose forseta lagadeildar skólans

hálfu Íslands hafði prófessor Ármann Snævarr, síðar rektor og hæstaréttardómari, forgöngu um að efna til samstarfsins en hann varð heiðursdoktor við skólann í Ohio árið 1973. Við útskrift nemenda hjá lagadeild Ohio Northern University vorið 2025 var Benedikt sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við háskólann. Á liðnum árum hefur nemendunum frá Ohio Northern University verið boðið að heimsækja Hæstarétt þar sem þeir hafa fengið kynningu á störfum réttarins og íslenskri dómstólaskipan.

Heimsókn frá Samford University – Cumberland School of Law

Í júní tók Hæstiréttur á móti kennurum og nemendum við sumarskóla lagadeildar Samford University í Alabama. Á meðal gesta var Blake Hudson, forseti lagadeildar Samford University, Brigham Daniels prófessor við University of Utah, Clark Hultquist, prófessor við University of Montevallo í Alabama, og Tona M. Hitson, sem annast alþjóðleg samskipti á vegum lagadeildar Samford University. Á móti gestunum tóku Benedikt, Ólöf og Linda Ramdani aðstoðarmaður dómara og kynntu



Nemendur og kennarar frá Samford University-Cumberland School of law ásamt Blake Hudson forseta lagadeildar skólans

þeim störf réttarins og gerðu grein fyrir íslenskri dómstólaskipan.

ÖNNUR ALÞJÓÐLEG SAMSKIPTI

Dagana 5. til 6. júní hélt Mannréttindadómstóll Evrópu árlega ráðstefnu fyrir tengiliði æðstu dómstóla aðildarríkja Evrópuráðsins. Hæstiréttur Íslands er hluti af Superior Courts Network sem Mannréttindadómstóllinn setti á fót árið 2015 til að geta átt í skilvirkari samskiptum við dómstóla aðildarríkja. Jafnframt var haldið upp á að tíu ár eru síðan samstarf Mannréttindadómstólsins og innlendra dómstóla hófst á þessum vettvangi. Af því tilefni var gefið út afmælisrit og það fært að gjöf dómstólum aðildarríkjanna. Mannréttindadómstóllinn sendir reglulega beiðnir um útskýringar á innlendra löggjöf og framkvæmd vegna samanburðarrannsókna og að sama skapi geta dómstólar aðildarríkjanna sent upplýsingabeiðnir til Mannréttindadómstólsins. Ráðstefnuna sótti af hálfu Hæstaréttar Linda Ramdani aðstoðarmaður dómara og af hálfu Landsréttar Sigfríð Elín Þorvaldsdóttir aðstoðarmaður dómara. Ráðstefnan fjallaði um samstarfið í gegnum Superior Courts Network, uppruna þess og reynslu dómstóla sem eiga aðild að því. Mattias Guyomar forseti dómstólsins ávarpaði ráðstefnuna en hann var sjálfur tengiliður við dómstólinn í sínu fyrra starfi. Þá var þátttakendum skipað í vinnuhópa þar sem fjallað var um framtíð samstarfsins og frekari samvinnu á vettvangi þess. Diljá Catherine Þiðriksdóttir lögfræðingur hjá dómstólum tók einnig á móti íslensku tengiliðunum.

Benedikt Bogason forseti Hæstaréttar sótti fund samtaka forseta æðstu dómstóla aðildarríkja Evrópusambandsins (Network of the Presidents of the Supreme Judicial Courts of the European Union) sem haldinn var í Haag í Hollandi 13. til 15. nóvember. EFTA-ríkin



Frá ráðstefnu tengiliða æðstu dómstóla í Strassborg



sem eiga aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og fleiri ríki eiga aukaaðild að samtökunum. Fundurinn hófst með málstofu þar sem fjallað var um framlag alþjóðadómstóla og landsdómstóla til réttarríkisins. Erindi fluttu Yuji Iwasawa forseti Alþjóðadómstólsins, Tomoko Akane, forseti Alþjóðlega sakadómstólsins, Mattias Guyomar, forseti Mannréttindadómstóls Evrópu, og Robert Reed lávarður, forseti Hæstaréttar Bretlands. Önnur efni sem fjallað var um á fundinum voru meðal annars alþjóðleg brotastarfsemi og áhrif samfélagsmiðla á dómssvaldið.

HÆSTIRÉTTUR HEIMSÆKIR BESSASTAÐI

Í desember bauð forseti Íslands dómurum Hæstaréttar og skrifstofustjóra réttarins til fundar á Bessastöðum. Tilgangur fundarins var að ræða um viðfangsefni réttarins og sjálfstæði dómsvaldsins. Fundur af þessu tagi hefur ekki áður verið haldinn en hjá nágrenna löndunum er þekkt að þjóðhöfðingi eigi í slíkum samskiptum við dómara á æðsta dómstigi.

Dómsvaldið er ein af þremur greinum ríkisvaldsins og samkvæmt stjórnarskránni gildir sú regla að dómsvaldið er sjálfstætt. Það helgast meðal annars af því að dómstólar hafa það hlutverk að dæma um hvort lög séu í samræmi við stjórnarskrá eða hvort ákvarðanir stjórnvalda séu andstæðar lögum. Einnig gerir réttarríkið þann áskilnað að ágreiningi verði skotið til sjálfstæðra og óvilhallra dómstóla. Á fundinum með forseta var meðal annars rætt um mikilvægi þess að standa vörð um

sjálfstæði dómsvaldsins til að staða þess verði traust hér eftir sem hingað til.

Á fundinum var einnig vikið að merkingu áföngum í sögu dómsvaldsins. Hér má helst nefna stofnun Hæstaréttar árið 1920 í kjölfar þess að landið öðlaðist fullveldi 1. desember 1918. Því næst má nefna aðskilnað dómsvalds og framkvæmdavalds í héraði árið 1992 en með því voru lagðar af leifar af réttarfari liðinna alda sem rekja mátti allt aftur til einveldis 17. aldar. Loks má geta um stofnun millidómstigs árið 2018 sem fól í sér aukna möguleika á endurskoðun við áfrýjun frá því sem unnt var í tveggja stiga dómskerfi. Jafnframt fól þetta í sér þá breytingu að Hæstiréttur starfar á þriðja dómstigi með líkum hætti og gildir annars staðar á Norðurlöndum. Þetta er viðamesta breyting á starfsemi réttarins frá því að hann var stofnaður árið 1920



Frá heimsókn Hæstaréttar til forseta Íslands á Bessastöðum

HEIMSÓKN HÆSTARÉTTAR TIL LÖGREGLUSTJÓRANS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Á liðnum árum hefur Hæstiréttur árlega heimsótt héraðsdómstóla og önnur embætti til að fræðast um starfsemi þeirra. Að þessu sinni varð fyrir valinu embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu en þangað hélt starfsfólk réttarins 7. nóvember. Á móti því tók Halla Bergþóra Björnsdóttir lögreglustjóri og nokkrir samstarfsmenn hennar.

Í upphafi heimsóknarinnar voru starfsfólki Hæstaréttar sýnd ýmis tæki og tól lögreglu, svo sem búnaður aðgerðardeildar til að bregðast við óeirðum og búnaður almennra lögreglumanna, þar á meðal rafbyssur og önnur vopn. Rætt var stuttlega um gildandi verklagsreglur um slíkan búnað. Einnig var skoðuð sérbúin lögreglubifreið til landamæragæslu en hún er einkum notuð við eftirlit í höfnum. Þá voru skoðaðir tveir drónar og þeim flogið og sýnt hvernig þeir eru notaðir við löggæslu. Fram

kom að mikið gagn væri að slíkum tækjakosti.

Að þessu loknu gerðu Halla Bergþóra og samstarfsfólk hennar grein fyrir störfum embættisins og fjölluðu um málafjölda og þróun afbrota á höfuðborgarsvæðinu. Meðal þess sem kom fram í máli þeirra var að langflest brot gegn almennum hegningarlögum væru framin í umdæminu en slík mál væru þyngst í rannsókn. Einnig var rætt um forgangsroðun innan lögreglu sem skilað hefði miklum árangri svo sem við að stytta afgreiðslu mála sem vörðuðu börn. Jafnframt kom fram að málaskrárkerfi lögreglu skapaði góða yfirsýn yfir afgreiðslu mála og auðveldaði eftirlit til að koma í veg fyrir drátt á málsmeðferð. Þannig væri unnt að mæla árangur og bregðast við eftir því sem efni væru til.

Heimsókn til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu




HÆSTIRÉTTUR Á INSTAGRAM

Þáttur í starfsemi Hæstaréttar er að veita upplýsingar um störf réttarins og hafa þær aðgengilegar. Þetta hefur verið gert með efni á heimasíðu hans auk þess sem rétturinn hefur kynnt starfsemina fyrir ýmsum hópum sem heimsótt hafa réttinn. Fyrir þeim heimsóknum er gerð nánari grein í ársskýrslunni.

Til að auka enn frekar aðgengi að Hæstarétti og miðla upplýsingum um réttinn var ákveðið að hann opnaði í eigin nafni síðu á samfélagsmiðlinum Instagram (undir notandanafninu haestiretturislands). Tilgangurinn með þessu er að ná betur til þeirra sem vilja fylgjast með starfseminni og þá einkum yngra fólks. Síðan var opnuð á fullveldisdaginn 1. desember en sá dagur varð fyrir valinu því að við fullveldið árið 1918 öðlaðist Ísland heimild til að taka æðsta dómssvaldið í eigin hendur. Það var síðan gert með stofnun Hæstaréttar árið 1920. Þannig er tilvist Hæstaréttar nátengd sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar.

Á Instagram-síðu réttarins mun rétturinn miðla fréttum og fræðsluefni um starfsemina, sögulegum fróðleik og öðru efni sem ástæða er til að miðla til þeirra sem hafa áhuga á starfsemi réttarins.

Viðtökur við Instagram-síðu réttarins voru framar björtustu vonum en um áramótin var síðan með hátt í 1700 fylgjendur.



KYNNING Á STARFSEMI HÆSTARÉTTAR

Árlega leggur nokkur fjöldi gesta leið sína í Hæstarétt og fær kynningu á starfsemi réttarins. Þessum heimsóknnum hefur fjölgað á liðnum árum og eru kærkomið tækifæri til að veita upplýsingar um réttinn og dómskerfið. Um er að ræða nemendur á framhaldsskólaeða háskólastigi og ýmsa aðra sem vilja fræðast um Hæstarétt og dómskerfið. Á móti gestum hafa tekið dómara við réttinn, skrifstofustjóri og aðstoðarmenn dómara.

Á hverju ári koma jafnframt erlendir gestir í minni og stærri hópum. Þá eru þinghöld jafnan opin og gjarnan mæta áheyrendur til að fylgjast með málum sem vekja athygli. Að auki hafa laganemar mætt til að fylgjast með málflytningi ef flutt eru mál sem hafa þýðingu fyrir það efni sem er til náms. Hér á eftir verður sagt frá nokkrum heimsóknnum í Hæstarétt á árinu.

Heimsóknir sendiherra

Hinn 12. janúar 2025 heimsótti Hæstarétt Clara Ganslandt en hún er sendiherra Evrópusambandsins á Íslandi. Með henni var Samuel Ulfgard varasendiherra. Clara afhenti forseta Íslands trúnaðarbréf sitt haustið 2024 en hún er reyndur diplómati og hefur um árabíl starfað fyrir Evrópusambandið. Á móti þeim tóku Benedikt Bogason forseti réttarins Ása Ólafsdóttir hæstaréttardómari og Ólöf



Heimsókn Clöru Granslandt

Laganemar sem fylgdust með
málflutningi febrúar 2025



Finnsdóttir skrifstofustjóri og kynntu starfsemi réttarins.

Einnig heimsótti réttinn í janúar Rashmi Ravindra, sendiherra Indlands á Íslandi, en hann afhenti forseta trúnaðarbréf sitt í nóvember 2024. Á móti honum tóku Benedikt og Ólöf. Þá fékk Hæstiréttur heimsókn í janúar frá laganemum við Háskólann á Akureyri. Benedikt, Ólöf og Linda Ramdani aðstoðarmaður dómara tóku á móti þeim, kynntu starfsemina og svöruðu fyrirspurnum.

Kynning á starfsemi fyrir íslenska og erlenda laganema

Í febrúar kom fjölmennur hópur laganema við lagadeild Háskóla Íslands til að fylgjast með málflutningi í skaðabótamáli vegna umferðar-

slyss. Um var að ræða meistaranema sem sátu í kjörgreininni Bótaréttur III sem Valgerður Sólnes prófessor kennir. Fyrir málflutning tók Benedikt á móti nemendum og gerði stutta grein fyrir málinu og þeim ágreiningi sem var til úrlausnar.

Í febrúar tók Hæstiréttur einnig á móti fjölmennum hópi norrænna laganema sem komu til landsins í tilefni af norrænni laganemaviku og árshátíð Orators, félags laganema við Háskóla Íslands. Sigurður Tómas Magnússon varaforseti Hæstaréttar, Ása, Ólöf, Linda og Jenný Harðardóttir aðstoðarmaður dómara tóku á móti gestunum og kynntu starfsemina.

Í mars fékk Hæstiréttur heimsókn frá laganemum við Ohio Northern University en þeir komu til landsins á grundvelli samstarfs þess

skóla og lagadeildar Háskóla Íslands. Nánar er vikið að þessu í kafla skýrslunnar um þátttöku Hæstaréttar í sumarskólum hér á landi á vegum bandarískra háskóla og samskipti réttarins við Hæstarétt Bandaríkjanna. Á móti þeim tóku Benedikt, Ólöf, Linda og Guðmundur Snæbjörnsson aðstoðarmaður dómara.


Einnig kom í mars hópur laganema á fyrsta ári við lagadeild Háskóla Íslands ásamt kennara sínum Kára Hólvari Ragnarssyni dósent. Meðal námsgreina þeirra er stjórnskipunarrettur en þau komu til að fylgjast með málflutningi í máli sem laut að því réttarsviði. Á móti þeim tóku Benedikt og Björg Thorarensen hæstaréttardómari og gerðu grein fyrir starfseminni og því máli sem var til flutnings.

Loks fékk rétturinn heimsókn í mars frá laganemum í Evrópurétti á meistarastigi við lagadeild Háskóla Íslands ásamt kennara sínum Elviru Mendez Pinedo prófessor. Benedikt, Ása og Ólöf tóku á móti þeim, kynntu starfsemina og ræddu dóma sem gengið hafa

undanfarin ár á sviði Evrópuréttar.

Heimsókn dómsmálaráðherra og nemenda Fjölbrautaskólans í Armúla

Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir dómsmálaráðherra heimsótti Hæstarétt 3. apríl. Í föruneyti ráðherra voru Bryndís Helgadóttir skrifstofustjóri og Þórólfur Heiðar Þorsteinsson aðstoðarmaður ráðherra. Á móti gestunum tóku Benedikt, Sigurður Tómas og Ólöf. Ráðherra voru sýnd húsakynni Hæstaréttar og í kjölfarið átti hún fund með dómurum og öðru starfsfólki réttarins. Þar voru rædd þau málefni sem eru á starfssviði ráðherrans og þær áskoranir sem dómstólar standa frammi fyrir. Meðal þess sem bar á góma voru lagaþreyingar til að tryggja betur aðkomu Hæstaréttar að málum sem ástæða er til að rétturinn taki afstöðu til með hliðsjón af hlutverki hans sem dómstóls á þriðja dómstigi.




Heimsókn sendinefndar frá Angóla í desember 2025



Heimsókn frá Hæstarétti Kóreu í ágúst 2025



Nemendur frá Fjölbraut Ármúla í heimsókn nóvember 2025



Í apríl fékk Hæstiréttur einnig heimsókn frá nemendum Fjölbrautaskólans í Ármúla ásamt kennara þeirra, Ragnhildi Björgu Guðjónsdóttur. Benedikt og Linda tóku á móti gestunum, sögðu frá starfsemi réttarins og svöruðu fjölmörgum áhugaverðum spurningum nemenda.

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, Landskiptaréttur í Þrændalögum og starfsnemar sendiráða

Í maí komu nemendur úr Fjölbrautaskólanum í Garðabæ ásamt kennara sínum Tinnu Ösp Arnardóttur. Benedikt og Linda tóku á móti gestunum, fræddu þá um starfsemi réttarins og svöruðu spurningum.

Einnig fékk rétturinn í sama mánuði heimsókn frá Landskiptarétti í Þrændalögum (Trøndelag jordskiftrett). Benedikt og Ólöf tóku á móti gestunum og gerðu grein fyrir starfseminni ásamt því að svara fyrirspurnum.

Loks fékk rétturinn í maí heimsókn frá starfsnemum sendiráða og sendinefndar Evrópusambandsins á Íslandi. Jenný og Linda tóku á móti hópnum, kynntu þeim starfsemina og svöruðu fyrirspurnum.

Heimsókn frá Hæstarétti Kóreu

Hinn 22. ágúst heimsóttu Hæstarétt SUH Kyeong-hwan, hæstaréttardómari við Hæstarétt Kóreu, og Jae-Won Jang aðstoðardómari við réttinn. Á móti gestunum tóku Benedikt, Ása og Ólöf. Gestunum voru sýnd húsakynni réttarins og í kjölfarið var setinn fundur með þeim þar sem veittar voru upplýsingar um íslenskt réttarkerfi og lagahefð.

Heimsóknir nema á haustmánuðum

Í október mættu nemendur í kjörgreininni Heilbrigðisréttur sem kennd er í meistaranámi við lagadeild Háskóla Íslands, ásamt kennara sínum Hrefnu Dögg Gunnarsdóttur lektor til að fylgjast með málflutningi í máli á því réttarsviði. Fyrir málflutninginn ræddu Benedikt og Ása við nemendurna og gerðu grein fyrir starfsemi réttarins og því máli sem var til meðferðar.

Í nóvember komu nemendur í Fjölbrautaskólanum við Ármúla ásamt kennara sínum Ragnhildi Björgu Guðjónsdóttir. Benedikt og Ólöf tóku á móti hópnum, kynntu starfsemi réttarins og svöruðu spurningum nemenda.

Í sama mánuði kom einnig hópur nemenda úr Menntaskólanum í Reykjavík ásamt kennara sínum Þorsteini Davíð Stefánssyni lögfræðingi. Benedikt og Ivana Anna Nikolic aðstoðarmaður dómara tóku á móti þeim og ræddu við þau um starfsemi réttarins.

Móttaka sendinefndar Pathfinding Alliance frá Angóla

Í desember heimsótti Hæstarétt sendinefnd frá Angóla sem kom til landsins á vegum samstarfsvettvangs innan Sameinuðu þjóðanna sem kallaður er Pathfinding Alliance. Þátttakendur eru ríki sem vilja vera leiðandi í að uppræta ofbeldi gegn börnum og miðla þekkingu og reynslu þar að lútandi. Sendinefndin sem meðal annars var skipuð dómurum fékk kynningu á starfsemi réttarins og íslenskri lagahefð. Á móti gestunum tóku Benedikt og Ólöf. Í hópi þeirra var Ásmundur Einar Daðason, fyrrverandi mennta- og barnamálaráðherra, en hann hefur tekið þátt í samstarfinu.



BÓKASAFN HÆSTARÉTTAR

Í suðvesturhluta dómhúss Hæstaréttar á þriðju hæð er bókasafn réttarins. Innréttingar þess eru vandaðar og gott rými er fyrir bækur. Þar er stór gluggi sem hleypir inn mikilli birtu og veitir útsýni yfir Stjórnarráðshúsið og Arnarhól. Þessi gluggi er beint fyrir ofan aðalinngang hússins og er eitt af sérkennum þess en það er gjarnan ljósmyndað þannig að gluggann beri hæst við himin.

Hæstiréttur hefur ávallt lagt ríka áherslu á að bókakostur réttarins sé góður og þjóni vel starfseminni. Eftir því sem árin hafa liðið hefur

æ meira verið keypt af bókum og því hefur safnið vaxið jafnt og þétt og er orðið eitt af bestu lagabókasöfnum landsins.

Þegar Hæstiréttur tók til starfa árið 1920 fékk rétturinn bókakost Landsyfirréttar og síðan hafa bæst við bækur í liðlega eina öld. Safninu hafa oft verið láttnar í té bækur fyrrverandi dómara við réttinn þegar þeir hafa látið af störfum eða frá dánarbúum þeirra. Skráðar bækur í safninu eru um 4000 og á árinu 2025 voru keyptar ríflega 100 bækur. Safnið hefur að geyma allar lagabækur sem komið hafa út hér á landi og jafnframt flestar lagabækur sem komið hafa út í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Einnig er talsvert keypt af bókum á ensku um Evrópurétt, mannréttindi og þjóðarétt.

Um árabíl hefur Hæstiréttur notið aðstoðar Viðars Más Matthíassonar, rannsóknarprófessors við lagadeild Háskóla Íslands, við pöntun á bókum en hann fylgist reglulega með útgáfu þeirra annars staðar á Norðurlöndum. Jafnframt hafði hann þetta verk með höndum þegar hann var dómari við réttinn á árunum 2009 til 2019.

Hæstiréttur hefur um nokkurra ára skeið haft í þjónustu sinni í hlutastarfi Guðmund Inga Guðmundsson, bókasafns- og upplýsingafræðing, en hann starfar jafnframt við laga-bókasafn Landsbókasafns Íslands – Háskóla-bókasafns.




Guðmundur Ingi Guðmundsson

Fágæti í bókasafni Hæstaréttar

Bókasafn Hæstaréttar hefur að geyma ýmis fágæt og verðmæt rit sem réttinum hefur áskotnast. Hér eru ekki tók á að gera tæmandi grein fyrir þeim en nokkur rit skulu þó nefnd í dæmaskyni.

Í bókasafninu er ritröðin Lovsamling for Island sem út kom í 21 bindi á árunum 1853 til 1889. Hún hefur að geyma ýmsar lagaheimildir frá tímabilinu 1096 til 1874. Aðalhvataamaður og helsti umsjónarmaður ritsins var Jón Sigurðsson forseti. Ritið er afar fágætt og stórmerk sagnfræðileg og lagaleg heimild.

Margar útgáfur eru til af Jónsbók, lögbók Íslendinga, frá árinu 1281 og er flestar þeirra að finna í bókasafni Hæstaréttar. Þar á meðal




er mjög vönduð útgáfa bókarinnar frá árinu 1904 útgefin í Kaupmannahöfn. Umsjón með þeirri útgáfu hafði Ólafur Halldórsson, skrifstofustjóri íslensku stjórnardeildarinnar í Kaupmannahöfn. Þessi útgáfa var endurprentuð í Óðinsvéum árið 1970 og við hana bætt eftirmála um Ólaf og útgáfu hans af bókinni eftir Gunnar Thoroddsen sem þá var hæstaréttardómari en hafði verið sendiherra Íslands í Danmörku. Mörg ákvæði Jónsbókar eru enn talin í gildi og tekin upp í Lagasafnið. Á þau hefur reynt í dómum Hæstaréttar og má meðal annars benda á dóm réttarins 16. desember 1993 í máli nr. 49/1992 sem birtur er í dómasafni réttarins það ár á bls. 2360. Þar sagði svo:

”

Í íslenskum rétti nýtur ekki annarra settra reglna um álitæfni hliðstæð því, sem til úrlausnar er í máli þessu, en ákvæða 14. kapitula kaupabálks Jónsbókar [...] og við hérlanda dómvenju er ekki að styðjast í þessu efni. Verður að telja, að enn megi á þessari fornu réttarheimild byggja, þegar ágreiningsefni og tilefni þess er eins háttað og hér.

Járnsíða, sem lögtekin var árið 1271 og 1273, var gefin út í Kaupmannahöfn árið 1847. Í tilefni af 100 ára afmæli Hæstaréttar árið 2020 færði Sýslumannafélag Íslands réttinum ritið að gjöf en það er í vönduðu leðurbandi með skrautritaðri áritun um gjöfina og tilefni hennar.

Hrappseyjarprentsmiðja var starfrækt á árunum 1773 til 1794 en hún prentaði



aðeins veraldleg rit, þar á meðal lagabækur. Í eigu Hæstaréttar eru nokkur rit úr Hrapps-
 eyjarprenti en öll eru þau mjög fágæt. Eitt af
 þeim eru Norsku lög Kristjáns V. frá árinu 1687
 í íslenskri þýðingu sem kom út 1779. Þau lög
 höfðu mikil áhrif á íslenskt réttarfar og enn er
 í gildi regla í þeim lögum sem mælir fyrir um
 heimild til útburðar úr leiguhúsi. Þetta ákvæði
 er í VI. bók 14. kafla 6. gr. og hljóðar svo:

”

*Nú vill maður eigi flytjast úr leiguhúsi á
 fardegi réttum, enda hafi honum verið
 löglega byggt út, eða hann hefst við í húsi,
 sem hann á engan rétt til, eða hefir verið
 dæmdur úr, að ólofi eiganda, og má þá
 eigandi án frekara dóms láta þjóna réttar-
 ins ryðja húsið.*



SÖGUBROT

„GUÐI SÉ LOF FYRIR HÆSTARÉTT“

Meðal lögfræðinga er þekkt upphrópunin „*Guði sé lof fyrir Hæstarétt*“ eða „*Guði sé lof að til er Hæstiréttur*“. Færri vita þó að þetta var sagt um Hæstarétt Danmerkur sem um aldir var æðsti dómstóll Íslands. Tilefni ummælanna var dómssmál þar sem Hæstiréttur Danmerkur sneri við dómi Landsyferréttar í lóðaprætumáli á Ísafirði en ummælin birtust á prenti árið 1911. Að þessu er vikið á bls. 58 í ritinu Hæstiréttur í hundrað ár eftir Arnþór Gunnarsson.

Við leit á vefnum timarit.is má finna grein eftir Einar Stefánsson, augnlækni og prófessor, í Morgunblaðinu 9. desember 1998 þar sem þessi upphrópun er fyrirsögnin. Sú grein var rituð í tilefni af vel þekktum dómi Hæstaréttar 3. desember 1998 sem birtur er í dómasafni réttarins það ár á bls. 4076, en hann er gjarnan kallaður Valdemarsdómurinn. Einnig kemur upphrópunin fyrir í bréfi Matthíasar Johannesen fyrrverandi ritstjóra til Morgunblaðsins sem birtist í því 19. ágúst 2003.

Loks má nefna að í sama blaði 26. janúar 2011 er ítarlega fjallað um ákvörðun Hæstaréttar frá deginum áður um að ógilda kosningu til stjórnlagabings. Þar er vitnað til ummæla sem Sigmundur Davíð Gunnlaugsson lét falla í umræðum á Alþingi um ákvörðunina en hann sagði:



„Guði sé lof fyrir Hæstarétt og Guði sé lof fyrir það, að dómstólarnir hafa sýnt það að þeir hafa ekki látið etja sér út í að elta tíðarandann á röndum.“

MÁLFLUTNINGSÆFING OG MÁLFLUTNINGSKEPPNI LAGANEMA

Fimmtudaginn 5. nóvember fór fram málflutningsæfing nemenda við lagadeild Háskóla Íslands í Hæstarétti. Nemendur fluttu mál um gildi samnings og settust þrír þeirra í dómarasæti. Með nemendum var kennari þeirra Hildur Ýr Viðarsdóttir lektor í fjármunarétti.

Hinn 13. til 15. júní fór fram í Ósló árleg málflutningskeppni norrænna laganema þar sem leyst er úr raunhæfum álitaeftum með hliðsjón af reglum mannréttindasáttmála Evrópu. Af hálfu Íslands tók þátt í keppninni lið frá lagadeild Háskóla Íslands en það skipuðu þau Agnes Guðrún Magnúsdóttir, Birgir Bent Þorvaldsson, Einar Fannar Valsson, Gylfi Bergur Konráðsson, Júlíus Aron Júlíusson og Kristín Hekla Örvarsdóttir. Aðalleiðbeinandi liðsins var Víðir Smári Petersen prófessor.

Árangur liðsins var góður þótt það hafi að þessu sinni ekki komist í undanúrslit. Norrænir hæstaréttardómarar og dómarar við Mannréttindadómstól Evrópu dæmdu í keppninni. Af hálfu Hæstaréttar Íslands tóku þátt hæstaréttardómararnir Ása Ólafsdóttir, Björg Thorarensen og Skúli Magnússon.



Málflutningsæfing Lagadeildar
HÍ í nóvember 2025



Málflutningskeppni norrænna laganema í Ósló í júní 2025

BIRTING DÓMAREIFANA Á ENSKU

Árið 2023 hóf Hæstiréttur að birta á heimasíðu réttarins ítarlegar reifanir á völdum dómum á ensku. Markmiðið er að þeir dómur sem ganga og geta átt erindi út fyrir landsteinana verði aðgengilegir með því móti. Hæstiréttur hefur orðið var við að þetta hefur vakið athygli og komið að gagni. Nú eru sjö dómur aðgengilegir með þessu móti en um er að ræða eftirtalin mál:

Dómur 23. maí 2023 í máli nr. 45/2022.

Mál þetta laut að flóknum eignaréttarlegum álitafnum vegna jarðarinnar Vatnsenda í Kópavogi. Fjöldi mála vegna jarðarinnar hefur verið til úrlausnar um langa hríð fyrir réttinum.

Dómur 11. október 2023 í máli nr. 32/2023.

Í málinu var deilt um hvort mannfæðing rannsókn á faðerni barns skyldi fara fram í vefengingarmáli. Hagsmunir barnsins voru taldir standa því í vegi.

Dómur 22. desember 2023 í máli nr. 39/2023.

Málið laut að ákvörðunum stjórnvalda um launakjör dómara.

Dómur 28. febrúar 2024 í máli nr. 24/2023.

Í málinu var fjallað um hvort við útreikning greiðslu til foreldris í fæðingarorlofi ætti að taka mið af launum sem greidd höfðu verið í Danmörku. Í dóminum var fjallað um álitafni á sviði EES-réttar.

Dómur 15. maí 2024 í máli nr. 52/2023.

Í málinu reyndi á túlkun hugtaksins vinnutími í skilningi nánar tilgreindra laga en dómurinn hefur þýðingu á sviði EES-réttar.

Dómur 18. september 2024 í máli nr. 3/2024.

Málið laut að því hvort uppsögn á yfirvinnu hjá tilteknum starfsmönnum Landspítalans teldist hópuppsögn. Dómurinn hefur þýðingu á sviði EES-réttar.

Dómur 14. október 2025 í máli nr. 55/2024.

Málið laut að skilmála veðskuldabréfs um heimild til breytinga á vöxtum.



TÖLFRÆÐI

MÁL Í HÆSTARÉTTI

Dæmd mál


Tegund mála	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Áfrýjuð einkamál	28	27	27	28	25	37	27
Áfrýjuð sakamál	2	4	11	15	8	5	10
Kærð einkamál	17	7	14	14	17	16	12
Kærð sakamál	3	0	3	3	1	2	2
Samtals mál	50	38	55	60	51	60	51

Innkomin mál

Tegund mála	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Áfrýjuð einkamál	36	23	25	28	37	30	40
Áfrýjuð sakamál	3	8	10	14	6	6	12
Kærð einkamál	16	10	16	15	13	18	16
Kærð sakamál	3	0	5	2	1	2	2
Samtals mál	58	41	56	59	57	56	70

Innkomin mál og lyktir þeirra

Öll mál	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Óafgreidd mál í ársbyrjun	16	18	20	21	19	24	19
Innkomin mál á árinu	58	41	56	59	57	56	70
Mál til afgreiðslu	74	59	76	80	76	80	89
Dómar	50	38	55	60	51	60	51
Afturkallað/fellt niður/sameinað	6	1	0	1	1	1	4
Samtals afgreidd mál	56	39	55	61	52	61	55
Óafgreidd mál í árslok	18	20	21	19	24	19	34



Málsmeðferðartími í dögum

Tegund mála	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Áfrýjuð einkamál	141	205	200	189	230	238	223
Áfrýjuð sakamál	0	173	164	207	199	219	209
Kærð einkamál	49	72	31	39	65	43	44
Kærð sakamál	11	0	12	53	15	3	21
Meðaltal	98	177	137	175	166	177	170

Málsmeðferðartími einkamála telst frá því að áfrýjunarstefna er gefin út.

Málsmeðferðartími sakamála telst frá því að beiðni er samþykkt.

Það athugist að endurupptekin dómsmál reiknast ekki með í málsmeðferðartíma.


Málsúrslit

Málsúrslit	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Staðfest	30	20	22	19	20	31	28
Breytt að einhverju leyti	0	5	7	9	6	5	3
Breytt að verulegu leyti	2	2	2	4	3	1	6
Snúið við	5	5	8	8	9	16	11
Ómerking/frávísun	13	6	14	20	11	7	2
Samtals dómar	50	38	53	60	51	60	50

Málskotsbeiðnir – áfrýjunar- eða kæruleyfi

Málskotsbeiðnir alls	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Beiðnir frá fyrra ári	8	13	21	23	28	33	32
Nýjar beiðnir	166	138	156	172	160	184	186
Beiðnir til afgreiðslu	174	151	177	195	188	217	218
Afgreiddar beiðnir	161	130	154	167	155	185	194
Óafgreiddar beiðnir í árslok	13	21	23	28	33	32	24

Málskotsbeiðnir árið 2025 og lyktir þeirra



47

dagar

Málsmeðferðartími málskotsbeiðna var að meðaltali 47 dagar frá því að umsókn um áfrýjunar- eða kæruleyfi barst réttinum og þar til ákvörðun lá fyrir. Þar af er tveggja vikna frestur gagnaðila til að skila athugasemdum.

Áfrýjunarleyfi — einkamál	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Beiðnir frá fyrra ári	4	8	13	17	22	29	24
Nýjar beiðnir	99	85	85	125	115	123	117
Beiðnir til afgreiðslu	103	93	98	142	137	152	141
Samþykktar	36	23	25	29	36	31	40
Hafnað	59	57	55	91	71	95	81
Afturkallaðar/Felldar niður	0	0	1	0	1	2	2
Samtals afgreiddar beiðnir	95	80	81	120	108	128	123
Óafgreiddar beiðnir í árslok	8	13	17	22	29	24	18

Áfrýjunarleyfi — sakamál	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Beiðnir frá fyrra ári	0	1	3	3	2	1	5
Nýjar beiðnir	34	27	44	25	23	31	29
Beiðnir til afgreiðslu	34	28	47	28	25	32	34
Samþykktar	1	7	11	5	4	7	11
Hafnað	32	18	32	21	20	20	21
Afturkallaðar/Felldar niður	0	0	1	0	0	0	1
Samtals afgreiddar beiðnir	33	25	44	26	24	27	32
Óafgreiddar beiðnir í árslok	1	3	3	2	1	5	2

Kæruleyfi	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Beiðnir frá fyrra ári	4	4	5	3	4	3	3
Nýjar beiðnir	33	26	27	22	22	30	40
Beiðnir til afgreiðslu	37	30	32	25	26	33	43
Samþykktar	4	3	5	5	6	8	7
Hafnað	25	21	22	15	15	20	27
Afturkallaðar/Felldar niður	4	1	2	1	2	2	4
Samtals afgreiddar beiðnir	33	25	29	21	23	30	38
Óafgreiddar beiðnir í árslok	4	5	3	4	3	3	5

FYRRVERANDI DÓMARAR VIÐ HÆSTARÉTT

Nafn	Lét af störfum:	Nafn	Lét af störfum:
Arnljótur Björnsson	31.8.2000	Helgi I. Jónsson	30.4.2020
Ármann Snævarr	1.11.1984	Hjördís Hákonardóttir	31.7.2010
Árni Kolbeinsson	28.2.2014	Hjörtur Torfason	28.2.2001
Árni Tryggvarson	31.5.1964	Hrafn Bragason	31.8.2007
Benedikt Blöndal	22.4.1991	Ingibjörg Benediksdóttir	28.2.2014
Benedikt Sigurjónsson	31.12.1981	Ingveldur Einarsdóttir	1.8.2024
Bjarni K. Bjarnason	31.12.1991	Jón Ásbjörnsson	31.3.1960
Björn Sveinbjörnsson	10.10.1985	Jón Steinar Gunnlaugsson	30.9.2012
Eggert Briem	13.8.1935	Jónatan Hallvarðsson	31.12.1969
Einar Arnalds	29.2.1976	Kristján Jónsson	2.7.1926
Einar Arnórsson	30.4.1945	Lárus H. Bjarnason	31.3.1931
Eiríkur Tómasson	31.8.2017	Lárus Jóhannesson	10.3.1964
Garðar Gíslason	30.9.2012	Logi Einarsson	31.12.1982
Gizur Bergsteinsson	1.3.1972	Magnús Thoroddsen	8.12.1989
Greta Baldursdóttir	31.8.2020	Magnús Þ. Torfason	31.12.1987
Guðmundur Jónsson	31.8.1991	Markús Sigurbjörnsson	30.9.2019
Guðmundur Skaftason	31.12.1989	Páll Einarsson	13.8.1935
Guðrún Erlendsdóttir	15.4.2006	Páll Hreinsson	15.9.2017
Gunnar M. Guðmundsson	31.8.1994	Pétur Kristján Hafstein	30.9.2004
Gunnar Thoroddsen	16.9.1970	Sigurgeir Jónsson	30.6.1986
Gunnlaugur Claessen	31.8.2013	Viðar Már Matthíasson	30.9.2019
Halldór Daníelsson	16.9.1923	Þorgeir Örlygsson	31.8.2020
Halldór Þorbjörnsson	31.8.1987	Þór Vilhjálmsson	30.6.1995
Haraldur Henrysson	31.8.2003	Þórður Eyjólfsson	31.12.1965



HÆSTIRÉTTUR
ÍSLANDS

2026